

No. 2

N 297-93

# Hagskýrslur


frá

## Íslendingabyggðum í Canada

árin 1891—1892.

Safnað hefir

B. L. Baldwinson.



**Reykjavík.**

Prentaðar í Ísafoldarprentsmiðju  
1892.

**Þ**að eru nú liðin nærri 17 ár frá því, er Íslendingar fyrst tóku sjer bólfestu í Manitoba. Fæstir þeirra koma með mikla peninga frá ættlandi sínu. Það ganga því að jafnaði 2—3 ár til að reyta saman svo mikla peninga fyrir daglaunavinnu, að mögulegt sje að nema land og reisa bú, enda þótt í smáum stíl sje. Þetta átti sjer, að sjálfsögðu, stað miklu fremur fyrstu árin á meðan allir voru jafnir og enginn gat miðlað, heldur en nú, þar sem aðkomumaðurinn á ættingja eða vin, viljugan til og megnugan um að miðla, í hverja helzt íslenzku byggðina sem hann flytur. Auk fátæktarinnar stóð og sundrunin búskapnum fyrir þrifum fyrstu 5—6 árin. Að sundrunginni og þar af leiðandi burtflutningi úr Nýja-Íslandi, einu nýlendunni á þeim árum, kvað svo mikið, að nýlendan því nær lagðist í eyði. Þrátt fyrir þetta andstreymi fyrst framan af hefur fjárhagsleg framför Íslendinga í Manitoba og öðrum hjeruðum í Vestur-Canada verið mikil, miklu meiri en nokkurt jafnfólksmargt hjerað á Íslandi getur sýnt á sama tímabili.

Það hefur allt til þessa verið dreginn efi á það á Íslandi, að efnahagur landsmanna þeirra hjer í nýlendunum sje eins góður og hann í raun og veru er. Á hinn bóginn hefur enginn efi verið dreginn á það, að nýbyggjara örðugleikarnir sjeu miklir, eins og þeir líka óneitanlega eru, einkum þegar nærri efnalaus maður er að byrja búskap.

Til þess nú að rannsaka ýtarlega, hvernig efnahagur íslenzkra nýbyggjara í hinum ýmsu nýlendum er, tókst umsjónarmaður íslenzkra innflytjenda, herra B. L. Baldwinson, á hendur að ferðast um nýlendurnar, heimsækja hvern einstakan landnema, yfirlíta eignir hans og fá virðingarverð þeirra, upphæð skuldanna, er landneminn kynni að vera í, og færa allt saman í greinilega skýrslu. Þessar skýrslur eru prentaðar í þessum bæklingi, og ástæðan til að hann er gefinn út, er einmitt sú, að sýna þessar fróðlegu búnaðarskýrslur allar á einum stað. Jafnframt sýnist ekki illa til fallið, að draga saman í stutt mál hin helztu atriði, er snerta stærð og afstöðu Canadaríkis, fylkjaskipting, lýsing landsins o. þ. h.

**Afstaða og stærð.** Canada-veldi (Dominion of Canada) innilykur allan norðurhluta Norður-Ameríku, að undantekinni norðvesturhyrnu landsins vestan Klettafjalla, Alaskaskaganum, sem er eign Bandaríkja. Flatarmál ríkisins er enn ekki nákvæmlega mælt, þar allmikið svæði á norðurjaðrinum er enn ekki nema lítið kannað, en samkvæmt síðustu áætlun er stærð þess 3,470,257 ferhyrningsmílur<sup>1</sup>. Mest lengd ríkisins, frá austri til vesturs, er um 3,200 mílur, og mest breidd þess, frá norðri til suðurs, um 2,000 mílur. Landamerki ríkisins að sunnan liggja eptir 49. norðurbreiddarstigi frá Kyrrahafi austur að Skógavatni, suðaustast í Manitoba fylki, en þaðan í krókum eptir ám (Rainy og Pigeon Rivers) til Superior-vatns. Þaðan liggur landamerkjalinan eptir stórvötnunum og austur um Lawrence-fljót að 45. n. br. stigi og eptir því mælistigi austur á Grænu-fjöll (Green Mountains). Eptir þeim fjallshrygg liggur svo línan norðaustur og austur, og er þeim sleppir austur um land í krókum eptir smá-ám, og að síðustu beint í suður eptir smá-á þeirri er Krossá (St. Croix) heitir til sjávar, nálægt 45. stigi norðurbreiddar. Landamerkin að norðvestan, á milli Canada og Alaska, eru óákveðin.

**Fylkjaskipting.** Sem stendur eru 7 fylki í Canada-ríki og mynda þau ríkisheildina, er stofnuð var 1. júlí 1867. Þessi eru fylkin í sambandinu: Prince Edward Island, Nova Scotia, New Brunswick, Quebec, Ontario, Manitoba, British Columbia. Hinir aðrir hlutar ríkisins eru enn of mannfáir til þess að takast algerða sjálfstjórn á herðar, og eru þess vegna undir nánari umsjón hinnar sameinuðu stjórnar ríkisins, sem almennt er kölluð sambandsstjórn. Þrjú hjeruð fyrir vestan Manitoba og austan Klettafjalla hafa nú orðið að miklu leyti sömu ráð og rjettindi og fylkin hafa, og verða innan skamms

1) Þar sem mílur eru nefndar í þessum bæklingi, er átt við enskar mílur, þ. e. 880 faðma lengd.

tekín í sambandið sem lögmæt fylki og með fullu sjálfsforræði. Þessi þrjú hjeruð eru: Assiniboia, Alberta, Saskatchewan.

**Stjórnarfyrikomulag.** Sambandsstjórnin hefur aðal-ból sitt í Ottawa (íbúar 45,000), í Ontario-fylki austarlega og fast við landamerki Quebec-fylkis. Kemur þar saman sambandsþingið á ári hverju. Hvert fylki fyrir sig hefur alger umráð yfir sínum sjerstöku málum, en sambandsstjórnin ræður yfir öllum málum, er snerta ríkið í heild sinni, svo sem peningaútgáfum, póstgöngum, verzlun og samgöngum, fiskiveiðum, vatnsfarvegum, o. fl., svo og glæpamálum og lögum er þar að lúta; hefur og eptirlit með löggjöf fylkjanna og hefur í því efni takmarkað neitunarvald undir vissum kringumstæðum. En þar sem Canada-ríki er eign Breta, þá eru öll lög sambandsþingsins háð neitunarvaldi brezku stjórnarinnar, en svo er til skilið, að engin lög þess, er snerta Canada-ríki eitt, eða þess sjerstöku mál, skuli numin úr gildi. Til neitunarvaldsins kemur að eins, ef lögin stríða gegn stjórnarskránni á einn eða annan veg. Þó Canada-ríki sje eign Englendinga, geldur það ekki eins eyrisvirði í sjóð Breta, tekur engan þátt í þeirra kjörum eða þeirra málum og er alls engum skyldum bundið í því efni. Eignarrjettur Breta sýnir sig aðal-lega með þrennu móti:

1. Þeir semja jafnframt Canadamönnum við erlendar þjóðir, og staðfesta alla slíka samninga, þótt þeir samningar sjeu gerðir fyrir Canada-ríki sjerstaklega.

2. Þeir skipa landstjóra í Canada, en landstjóri er áhrifalaus í landsmálum, en verður að hlýða skipunum stjórnarráðsins, er í það og það skiptið situr að völdum.

3. Öll lög, hvort heldur á sambandsþingi eða fylkisþingum, eru samin og staðfest í nafni og umboði Englands drottningar.

Fylkisstjórana skipar stjórnarráð sambandsstjórnar, svo og alla embættismenn sambandsstjórnar, en fylkisstjórnirnar skipa alla embættismenn fylkisstjórnanna. Alla hæstarjettar-, yfirjettar- og hjeraðsdómara skipar og sambandsstjórn, en friðdómara skipa fylkisstjórnirnar.

Sambandsþingið samanstendur af tveimur deildum, fulltrúadeild og «öldunga»-deild og verða þær báðar að samþykkja öll frumvörp til laga, ella öðlast þau ekki lagagildi. Sambandsþings fulltrúana kys alþýða til 5 ára þingsetu í mesta lagi (venjulega er kjörtíminn 4 ár eða rúmlega það), en «öldungarnir» eru «konungkjörnir» að nafninu til. Í raun og veru kys stjórnarráðið þá, og halda þeir þingsætinu æfilangt.

Fylkisþingin samanstanda af tveimur deildum, fulltrúadeild og öldungadeild, í fjórum fylkjum, í Prince Edward Island, Nova Scotia, New Brunswick og Quebec. Í Ontario, Manitoba og British Columbia samstanda þau af einni deild einungis, fulltrúadeildinni. Kjörtími fylkisþingmanna er jafnlangur kjörtíma sambandsþingmanna, þ.e. 5 ár í mesta lagi.

Kosningarrjett við sambandsþingkosningar hafa allir, sem lögaldra eru (21 árs gamlir), sem þegnskyldueið hafa unnið, sem hafa óflekkað mannorð, og sem innvinna sjer minnst 300 doll. á ári. Kosningarrjettur við fylkisþingkosningar er ekki alls staðar eins, en yfir höfuð sem næst því að allir lögaldra menn með óskertu ráði og mannorði hafi atkvæðisrjett. Í Manitoba hafa allir slíkir kosningarrjett, en hermenn, sem launaðir eru, og allir embættismenn og skrifstofupjónar sambandsstjórnarinnar, sem hafa yfir 300 doll. laun um árið, eru sviptir atkvæðisrjetti við fylkisþingkosningar. Kjörgengir, hvort heldur á sambandsþing eða fylkisþing, eru allir lögaldra menn, svo framarlega sem þeir eru brezkir þegar og hafa óflekkað mannorð.

**Austur-fylkin.** Sá hluti ríkisins, er liggur fyrir austan Manitoba, er almennt nefndur austurfylkin, þegar talað er um þann hluta ríkisins í heild sinni. Í þeim hlutanum eru öll fylkin í sambandinu, að undanteknum fylkjum Manitoba og British Columbia. Í þeim fylkjum er elzt byggð, og þar er mestur mannaflí og mestur auður samankominn, en samlagt flatarmál þessara fimm fylkja er minna en einn sjöundi af samlögðu flatarmáli ríkisins; er það um 460,000 ferhyrningsmílur. Í austurfylkjum eru þessir bæir stærstir (tölurnar innan sviga á eptir nöfnunum sýna íbúatalið): Í *Nova Scotia*: Halifax (42,000),

í *New Brunswick*: St. John (40,000), í *Quebec*: Montreal (217,000 og að meðtöldum næstu undirborgunum um 260,000), Quebec (63,000), í *Ontario*: Toronto (188,000), Hamilton (48,000), Ottawa (45,000), London (32,000).

Landslagið í austurfylkjunum er yfir höfuð að tala öldumyndað hálendi með allháum fjallabeltum, hálsu og hæðum hjer og þar, og upprunalega var landið allt skógi vaxið. Á sljettlendinu og í dölunum er jarðvegurinn mjög frjósamur og framleiðir allar tegundir kornmatar og jarðepla, og aldinskógabelti á ýmsri stærð er að sjá á nærri hverju bóndabýli. Málmnámur af ýmsum tegundum eru nálega hvervetna í austurfylkjunum, að undanteknu fylkinu Prince Edward Island (sú eyja er hæðalaus en lítillaga öldumyndað lág sljetta skógi vaxin), og kolanámur miklar eru í fylkjunum Nova Scotia og New Brunswick, en ekki annars staðar svo að kveði. Af austurfylkjunum er Ontario auðugast að því er málmnámur snertir. Örafaklasi sá hinn mikli, um 1,000 mílur frá austri til vesturs, er liggur með fram Huron- og Superior-vötnum að norðan, og vestur frá þeim allt að og lítillaga inn yfir landamæri Manitoba fylkis, var til skamms álitin lítilsverð landeign nema fyrir stórskógana, er þekja allt það svæði. En nú er það almennt viðurkennt, að þessi hrikalegi klettabákur sje eitt hið auðugasta málmland í Ameríku. Helztu málmtegundirnar, sem enn eru fundnar í þessu belti, er enn er ekki líkt því hálf-kannað, eru þessar: gull, silfur, járn, kopar og «nickel».

**Vestur-Canada.** Svo er í heild sinni almennt nefndur sá hluti ríkisins, er liggur frá austurtakmörkum Manitoba-fylkis vestur að Kyrrahafi, en landamerkjálina fylkisins að austan liggur að miklu leyti frá norðri til suðurs nálægt vesturjaðri örafaklása þess er fyrr vargetið, og sem þar myndar austurbrún Rauðárdalsins. Hið frjósama sljettlendi í Vestur-Canada tekur þannig við strax á austurjaðri Manitoba-fylkis og liggur þaðan í óslitinni spildu vestur að Klettafjöllum, um 1,000 mílur vegar.

Sljetta þessi hin mikla skiptist í þrjá samhlíða liggjandi sljettufláka, og mynda tveir þeirra, hinir vestari, hjalla, er rísa með sýnilegum mun hvor upp af öðrum. Austasti sljettuflákinn er *Rauðárdalurinn* svo kallaði, en sem í raun og veru er ekki annað enn hæðalítill og með köflum mýrkennd lágsljetta. Er hann um 200 mílur á breidd, og meðalhalli hans, bæði austur og vestur frá Rauða, er um 1 fet á mílunni. Vesturbrún hans mynda sundurlausar hæða-rastir, en framhaldandi hver af annari, frá suðri til norðurs og norð-vesturs, er ganga undir nafninu: Pembina-fjöll (þau eru syðsta hæðaröstin og liggja suður fyrir landamærin, inn í Bandaríkin), Riding Mountains (Reiðarfjöll), Duck Mountains (Andar-fjöll) og Porcupine-fjöll. Frá austurbrún þessara hæða liggur hinn annar sljettuflákinn vestur að Missouri-hæðum og ýmsum hæðabeltum norður-undan, og er um 300 mílur á breidd. Meðalhalli landsins (í austur) á þessu svæði er allt að tveimur fetum á mílunni. Hinn þriðji sljettuflákinn liggur frá austurbrún Missouri-hæða vestur að Klettafjöllum og er nálægt 500 mílna breiður. Austurhalli landsins á þessu svæði er allt að þremur fetum á mílunni.

Auk þeirra hæða, sem hjer hafa verið nafngreindar, eru ótal aðrir, smærri og stærri hæða-klasar dreifðir um hina ýmsu sljettufláka, og yfir höfuð að tala er allt þetta sljettlendi stór-öldumyndað, með hólum, hæðum og all-djúpum dölum hjer og þar. Að undanteknum nokkrum flákum hjer og þar, einkum í Rauðárdalnum, er þess vegna sljettlendi þetta ekki tilbreytingarlaus, marflöt auðn, eins og fjölmargir ímynda sjer. Útsýnið er auðvitað ekki eins svipmikið á sljettunum í Vestur-Canada eins og það er á Íslandi, eða í öðrum fjall-löndum, en tilbreytingin er næg til þess, að augað þreytist ekki. Það hjálpar og til hvað mikið björgulegra er að sjá til beggja handa skiptast á akra og engi, beitolönd með kvikfjárhjörðum, skógarbelti, hóla og hæðir, heldur en svarðrofnu fjöllin, holtin og melana á Íslandi.

Skógarbelti eru með fárra mílna millibili hvervetna á sljettlendinu, að undanteknum einstöku stöðum, þar sem naumast getur heitið að skógur sje til, er einkum á sjer stað á suðurhluta sljettlendisins. Í hæðum og með fram ám og lækjum eru skógarbeltin stærst, trjen stórvöxnust og fjölbreyttastar trjátegundirnar, en yfir höfuð að tala er skóg-

urinn alls-endis ónógur til framtíðar þarfa í öllum suðurhluta sljettlendisins. Aftur á móti er skógur nægilegur til að mæta framtíðarkröfum íbúanna, um mörg ókomin ár, í öllum norðurhluta sljettlendisins. Þetta skógleysi var til skamms tíma álitinn stærsti gallinn á þessum mikla sljettugeim, þar sem veturinn er kaldur og útheimtir mikinn eldi-við. Hversu miklir sem landskostir eru í tilliti til bæði kvikfjárræktar og akuryrkju, rýrnar það gildi stórvægilega, ef tilvonandi íbúar landsins ekki geta haldið húsum sínum heitum í vetrargrimdinni, nema með ærnum tilkostnaði. Þessi eða önnur slík umkvörtun er nú kollvörpuð. Náttúran útbjó þennan landshluta með meiri auðæfum en þeim, er frjósamur jarðvegur hefur í sjer fólgin. Meðal þessara auðæfa eru kol. Það er nú þegar búið að finna svo mikið af kolum í Vestur-Canada, austan Klettafjalla (kolanámurnar miklu í British Columbia eru fyrir löngu kunnar), að nægtir eru til að birgja ekki einuigis Vestur-Canada, heldur einnig alla Norður-Ameríku með eldsneyti um þúsundir ókominna ára, og þó vantar mikið á að búið sje að kanna alt það svæði, sem víst er að kolalög hefur að geyma, að sögn jarðfræðinga, er um landið hafa farið. Meginhluti kolanna, sem enn eru fundin, eru í Alberta-hjeraðinu; hin eina undantekning er kolanámurnar í suðvestur-Manitoba og suðaustur-Assiniboia. Kolalögin í Alberta eru í stórflákum á 400 til 500 mílna svæði frá norðri til suðurs, og eru aðal-kola-beltin tvö, í samhliða liggjandi röstum. Eystra kolabeltið liggur 150 til 300 mílur austur frá Klettafjöllunum, og eru suðurtakmörk þess nálægt Lethebridge (laust norðan við 50. n. br. stig), þar sem kolatekja hefur verið stunduð í all-stórum stíl um undanfarin 3—4 ár. Vestara kolabeltið liggur víðast hvar fast við rætur Klettafjallanna og upp um dalina austan í fjöllunum. Í eystra beltinu eru kolin linkol (mókol) á ýmsu gæðastigi, en þau lókustu af þeim sögð fyllilega brúkleg til að hita upp hús með þeim. Í vestara beltinu aftur á móti eru meginlega harðkol, er, eptir ýtarlegar rannsóknir efnafræðinga, hafa verið sögð ígildi beztu Pennsylvania-harðkola, en þau eru talin beztu harðkolin sem fáanleg eru í Ameríku. Harðkolatekja í Alberta er enn ekki byrjuð að nokkru ráði, og þess vegna geta menn ekki af eigin reynd dæmt um gæði kolanna.

Auk kolanna hafa ýmsar málmtegundir verið fundnar í Vestur-Canada, ýmist innan takmarka sljettlendisins, eða þá svo nálægt því, að íbúunum kemur það að sömu notum. Þannig eru járn-námur á eyju mikilli í Winnipeg-vatni, örskammt norðaustur undan Mikley í Nýja-Íslandi. Gypsum, Mica og fleiri nytsamar steintegundir hafa fundizt í grennd við Winnipeg, Manitoba og Winnipegosis-vötnin norðanverð. Kalkefni og grjót til húsagerðar er hvervetna með fram ofannefndum vötnum og víðar, sjerstaklega í Alberta, þar sem bæði efnisgóður og útlitsfagur rauðsteinn er fundinn í mörgum stöðum. Ágætur tígulsteinsleir er nærri alstaðar á sljettlandinu og í stöku stöðum leir sá, er leirilát eru gerð af, svo sem mjólkurbakkar, smjörkollur, brúsar og því um líkt. Eitt slíkt leirkera-verkstæði er til í Vestur-Canada, þó í smáum stíl sje, í East Selkirk, Manitoba. Steinolíu-æðar hafa fundizt á sljettlandinu, í grennd við Dauphin-vatn í Manitoba, í Hrafnhreiðursskarði (Crows Nest Pass) í Klettafjöllunum og austur af því, og í Athabasca-hjeraðinu (norður af Alberta), sem enn er að miklu leyti ókannað. Í tveimur síðast-nefndum stöðum er olían sögð svo hrein í sumum lindunum, að það má brenna henni óhreinsaðri. Saltnámur eru fundnar í tveimur stöðum, önnur á milli Winnipeg og Manitoba-vatna norðarlega, og var þar hreinsað og hagnýtt sem verzlunarvara á fyrri árum, á meðan Hudsonflóa-fjelagið rjeði lögum og lofum og enginn innflutningur var byrjaður. Hin önnur saltnáman, sem menn vita af nú, er í Athabasca-hjeraðinu. Eru þar að sögn hreinir salt-hólar og saltið sumstaðar svo hreint, að það er brúkað óhreinsað, eins og það er höggvið í stykkjum úr berginu.

En svo eru málmöldin miklu til beggja handa, British Columbia, með sitt takmarkalausá málmasafn, að vestan, og hálendið grýtta umhverfis Superior-vatn, og vestur frá því meir en 400 mílur, að austan. Í þessum málm-hjeruðum báðum er og fáanlegt miklu meira timbur en það, er allt sljettusvæðið útheimtir til húsagerðar, verkfærasmiða o. s. frý, um marga ókominna áratugi. Hvað skóga- og málmtegundir snertir, er sljettlendið

því hvergi nærri illa sett, þar hvergi er lengra til þeirra að sækja en 500 mílur í mesta lagi, en það er minna en eins sólarhringsferð með járnbraut.

Sjerstaka auðsuppsprettu má og með rjettu kalla hinar fjölmörgu og verðmiklu tegundir af fiski í öllum vötnum og ám í Vestur-Canada. Er svo til talið, að í fiskivötnunum helztu í Vestur-Canada ætti fiskiveiðin ein að geta verið stöðugur atvinnuvegur, árið um kring fyrir 15,000 fiskimenn, og markaður fyrir þann fisk er takmarkalaus. Öll vesturríki Bandaríkja eru fiskivatnalaus, og verða því íbúar þeirra að kaupa fiskinn að, af Vestur-Canadamönnum. Sú verzlun er nú þegar byrjuð, og það í all-stórum stíl, þrátt fyrir höptin, er hinn háí tollur Bandaríkjastjórnar leggur á aðfluttan fisk, eins og allar aðrar varningstegundir.

En á engum af ofangreindum efnum byggja Vestur-Canadamenn, sem sljettlendið byggja, framtíðarvonir sínar. *Akuryrkja og kvikfjárrækt* — það eru og verða um öll ókomin ár aðal-atvinnuvegir allra sljettubúanna. Til þess er sljettlendið sjerstaklega útbúið. Það er enn minnst sjeð af því, sem gera má í því efni, og er þó búið að gera mikið á þeim stutta tíma, sem járnbrautir hafa gert kornrækt mögulega; án þeirra er sem sje ómögulegt að stunda þá atvinnu, nema lítilega til eigin þarfa, í jafn víðáttumiklum landgeim og hjer er um að ræða. Það eru liðin 10 ár síðan járnbrautir gerðu kornrækt mögulega í Manitoba, en ekki nema 6 ár síðan þær gerðu hana mögulega í hjeruðunum vestur frá Manitoba, og það ekki nema á tiltölulega lítilli spildu, og þar sem landið var víða illa fallið til kornræktar. Það var fyrst fyrir ári síðan, að járnbrautir í vesturhjeruðunum náðu til hinna löngu viðurkenndu hveiti-hjeraða í Saskatchewan-dalnum. Eigi að síður hefir kornuppskeran (allar korntegundir samanlagðar) á Vestur-Canada-sljettunni alt að því tuttug-faldast á síðasta áratug. Haustið 1881 var kornuppskeran samtals um 3 milj., en síðastl. haust (1891) var hún samtals um 60 milj. bushels; nákvæmar tölur eru enn ekki til, þar mikið af hveiti er enn ópreskt. Kvikfjáreignin hefur og aukist stórmikið á sama tímabili (hefur um það tvöfaldast á síðastl. 5 árum), en hvergi nærri að sama skapi og kornræktin. Að undanteknum þeim í Alberta, hafa allir innflytjendur á sljettlendið streyzt við að plægja sem flestar ekrur<sup>1</sup> af landi og sá hveiti í þær, sem ekki er undarlegt, því ágóði af hveitiræktinni, þegar vel lætur í ári, er ginnandi. Af þessu leiddi, að kvikfjárræktin varð út undan fyrst um sinn, og er það enn hjá mörgum. Þó er sú skoðun nú meir og meir að ryðja sjer til rúms, að kvikfjárræktin sje í sjálfu sjer arðsamur atvinnuvegur. Menn eru og æ betur og betur að sjá það, að sá bóndi, sem hefur góðan kvikfjárstofn, stendur jafnrjettur þó uppskerubrestur verði eitthvert árið, en það gerir ekki sá bóndi, sem eingöngu treystir á hveiti-uppskeruna. Þrátt fyrir þetta hefur kvikfjáreignin um það tvöfaldast á síðastl. 5 árum, eins og áður hefur verið getið um. Skýrslur yfir kvikfjáreignina síðastl. ár eru enn ekki útkomnar nema í molum, og því verður ekki ákveðin tala gefin. En eptir því sem næst verður komist, var öll tala kvikfjenaðar á sljettlendinu sumarið 1891 rjett um, eða máske rúmlega, ein miljón, og af þeirri upphæð eru fyllilega  $\frac{2}{3}$  hlutar nautpeningur. Af sauðfjenaði og svínum er fæst, og eru þó sauðir og svín tiltölulega verðmeiri eign en nokkur önnur tegund búpenings, og framfærsla þeirra engu kostnaðarsamari en framfærsla nautpenings eða hesta.

Fullgerðar járnbrautir á sljettusvæðinu hafa á sama áratugnum aukist um 2,800 mílur; voru fullar 3,000 mílur haustið 1891, en samtals 150 mílur haustið 1881.

Flatarmál þess hluta sljettlendisins, sem sannað er, að er jafn-frjósamt og jafnbyggilegt, er meira en  $1\frac{1}{2}$  milj. ferhyrningsmílur, en vegna fjarlægðar og samgönguleysis er enn ekki mögulegt að taka fyrir meira en tæpan fjórðung þessa svæðis til landnáms og notkunar. Þessi fjórði hluti innilykur þessi 4 fylki: Manitoba, Assiniboia, Alberta, Saskatchewan, og er samlagt flatarmál þeirra sem næst 380,000 ferh. mílur.

**Manitoba-fylki** er suðaustasta hjeraðið á fyrgreindu sljettlendi og gekk í fylkjasambandið í Canada 1. júlí 1870. Stærð þess er að flatarmáli 73,956 ferhyrningsmílur,

1) Ekra af landi er 209 fet á hvern veg, eða nærri 35 fadmar,

en þar af eru 9,890 ferh.mílur í vatni, þ. e., í stöðuvötnum innan fylkisins. Íbúatal þess er um 160,000 (var 154,442 í apríl 1891) og eru íbúarnir flestir í suður og vesturhluta þess, af því landið er þar hátt og þurt og ýmist skóglítið eða skóglaust. Í norður og austurhluta þess er landið lægra og mýrkenndara, og víða allvel skógivaxið; í þeim hlutanum eru og öll hin stærri stöðuvötn í fylkinu. En þar sem allir innflytjendur hafa til þessa hugsað um kornrækt fremur öllu öðru, hafa þeir eðlilega gengið fram hjá mýrkennda og skógivaxna landinu, þó jarðvegurinn sje þar eins frjósamur og miklu endingarbetri en á há-sljettunni.

Það leiðir af sjálfu sjer, að þar sem Manitoba er austast af sljettuhjeruðunum og parafléiðandi næst hinum eldri byggðum landsins, þá er það lengst á veg komið, bæði í efnalegu tilliti og hvað fólksfjölda snertir. Þar komu fyrst járnbrautir, og þær eru undanfarar allra annara framfara í jafn-víðáttu miklu landi og Ameríka er. Járnbraut var fyrst fullgerð til Winnipeg og járnbrautarsamband fengið við úrheiminn árið 1880. Haustið 1881 voru fullgerðar 150 mílur af járnbrautum í Manitoba, en Haustið 1891 var málatal fullgerðra járnbrauta í fylkinu orðið um 1,520 mílur. Sumarið 1881 voru í fylkinu ræktuð um 2 milj. bushels af kornmat, en sumarið 1891 43 til 45 milj. bush. Aðrar framfarir hafa verið að sama skapi.

**Assiniboia-hjeraðið** liggur næst Manitoba og er stærð þess um 95,000 ferhyrningsmílur. Í heild sinni er hjeraðið hálendara en Manitoba, og með köflum al-öldumyndað. Skógarbelti eru stráð um sljettuna nærri hvervetna, en fleiri og stærri eru þau í norður og norðausturhlutanum heldur en í suður- og suðvestur-partinum. Nálægt miðju hjeradinu liggja Missouri-hæðirnar yfir það þvert frá norðri til suðurs. Allur vestri helmingur þess er betur fallin til kvikfjárræktar en akuryrkju, vegna all-mikilla hæðaklasa, er gera akuryrkju örðugri viðfangs en á sljettunni. Eins og í Alberta gengur fjenaður — nautpeningur, hestar og sauðfje — að mestu sjálfala á veturnum í vestur-Assiniboia. Þó þykir hjarðmönnum ætíð vissara að eiga nokkuð af heyi, enda nóg engi hvervetna í dölunum og á sljettu flákunum milli hæðanna.

Austur-helmingur hjeradsins er jafnvel fallinn til hvorttveggja, akuryrkju og kvikfjárræktar, og á það þó einkum heima að því er snertir allan norðaustur fjórðuug hjeradsins, þar sem landið er skógivaxnara og tjarnir og smá stöðuvötn mörg. Suðaustur-fjórðungur hjeradsins aptur á móti er sjerstaklega vel fallinn fyrir akuryrkju, allt frá Qu'Appelle-á suður á landamæri og vestur að Missouri-hæðum. Alt það svæði er framhald af hásljettunum miklu í suðvestur-Manitoba, og hið ákjósanlegasta land fyrir kornrækt. Í suðaustur-horninu á hjeradinu er all-mikið kolabelti, framhald af því í norðvestur horninu á Manitoba-fylki. Kolatekjan byrjar þar á yfirstandandi ári.

Höfuðstaður hjeradsins er Regina (íbúar um 2,000), og er nokkru austar en í því miðju frá austri til vesturs, en jafnlangt er frá þorpinu bæði suður og norður að landamærum hjeradsins. Sem stendur er Regina höfuðstaður allra (þriggja) hjeradanna, Assiniboia, Alberta, og Saskatchewan, sem enn eru of mannfá til aðganga í fylkjasambandið með fullkomnum rjettindum og skyldum. Þessi 3 hjeruð hafa nefnilega eitt sameiginlegt þing, er kemur saman einu sinni á ári í Regina. Þar situr og hjeradsstjórinn (Governor) og er hann ráðsmaður allra þriggja hjeradanna jafnt.

**Alberta-hjeraðið** tekur við vestur af Assiniboia og liggur vestur á fjallshrygg austasta fjallgarðsins í Klettafjalla-klanum, en þar er landamerkjálína Alberta og British Columbia. Stærð hjeradsins er um 106,000 ferhyrningsmílur. Vesturjaðar þess er hrikalegur fjallabálgur, þakinn stórskógi upp undir efstu brúnir. Sú spilda er þó ekki mjög breið, en austan við fjallarætturnar tekur við belti af skógvöxnum hæðum og hálsnum, frá 20 til 50 mílna breitt. Lætur því nærri, að einn fjórði af hjeradinu sje fjall-lendi, en  $\frac{3}{4}$  sljettlendi, meira og minna hæðótt og öldumyndað. Meginhluti suður-helmingsins af sljettlendinu er betur fallið til kvikfjárræktar en akuryrkju vegna hæða og dala, enda er þar mesta samsafn stórhjarða af kvikfjenaði í Canada. Alt það svæði, svo og vesturhlutinn af Assiniboia, er og viðurkennt eitt hið bezta hjarðland í Ameríku. Grasspretta bregzt

aldrei, og er grasið bæði mikið að vöxtum og kraptmikið, straumvötn af allri stærð eru nærri hvervetna í dalverpum og á lágsljettu flákunum og skógarbelti til að skýla hjörðinni fyrir hríðarbyl á vetri og hlífa henni fyrir sólarhita á sumri. Alt þetta er samfara í Alberta, en á einhverju þessu er skortur í flestum öðrum nafntoguðum hjarðlöndum í Ameríku.

Norðurhelmingur sljettlendisins er láglandari en suðurparturinn, en þó talsvert öldumyndaður, með allmiklum skógarbeltum með stuttu millibili. Þar er og gnægð af mýrkenndum lágsljettuflákum og tjörnum og stöðuvötnum á ýmsri stærð. Er því þessi hluti hjeraðsins engu síður fallinn til akuryrkju en kvikfjárræktar. Norðarlega í hjeraðinu fellur hið mikla Saskatchewan-fljót austur um landið frá Klettafjöllum til Winnipeg-vatns og í það norðarlega. Sljettlendið með fram fljótinu á báðar síður er kallar Saskatchewan-dalur, og þer sá dalur löngu síðan nafnkunnur fyrir frábæra frjósemi jarðvegsins.

Atvinnuvegir verða með tímanum fjölbreyttari í Alberta, en í nokkru hinna sljettlendisfylkjanna. Auk þess sem meginhluti hjeraðsins er ígildi hinna hvað frjósemi jarðvegsins snertir, eru þar stórskógar, kola- og aðrar námur í stórum stíl, eins og annarsstaðar er getið um.

Höfuðstaður hjeraðsins og mannflestur bær í hjeraðinu er Calgary (íbúar um 4,000), um 70 mílur austur frá Klettafjöllum og 840 mílur vestur frá Winnipeg í Manitoba.

**Saskatchewan-hjeraðið** liggur norður af Assiniboia og er stærð þess um 107,000 ferhyrningsmílu. Landamæri þess eru: að sunnan Assiniboia og á litlu svæði austast Manitoba, að austan Winnipeg-vatn og Nelson-fljótið norður þaðan, að vestan Alberta, og að norðan 55. stig norðurbreiddar. Hjeraðið er í heild sinni láglandara en Alberta og jafnvel láglandara en meginhluti Assiniboia-hjeraðsins; er í því efni líkast austurhelmingnum af Manitoba, en auðskilið er af því, að Saskatchewan-dalurinn mikli liggur eptir miðju hjeraðinu endilöngu, frá austri til vesturs. Landið er jafnvel fallið til hvors er vera vill, akuryrkju eða kvikfjárræktar. Jarðvegurinn er frábærlega frjósamur, smá ár og vötn eru nærri að segja á hverri ferhyrningsmílu, og skógur er meiri í þessu hjeraði en í nokkrum hinna á sljettlandinu. Fyrir norðan fljótin, sumstaðar strax á bakkanum og sumstaðar í fárra mílna fjarlægð, tekur við stórskógarbelti, er liggur lítt slítið svo hundruðum mílna skiptir norður í land. Í miðju hjeraði koma saman í eitt Suður- og Norður-Saskatchewan-árnar, er þar mynda Saskatchewan-fljótið. Norður-áin kemur vestan úr Klettafjöllum og er skipgeng til Edmonton í Alberta, en Suður-áin hefur upptök sín í suðaustur-Alberta, fellur um það hjerað um stund og um þvert Assiniboia-hjerað, frá norðri til suðurs. Vegna grynninga hjer og þar getur Suður-áin ekki heitið skipgeng nema í votviðra tíð og þá ekki nema tiltölulega stutta leið.

Höfuðstaður hjeraðsins er Prince Albert (íbúar um 1,100), og er ágætlega settur, í hjeraðinu miðju og á oddanum milli Norður- og Suður-ánna. Þorp þetta er 500 mílur norðvestur frá Winnipeg.

Þá eru upptalin þau 4 fylki á Vestur-Canada sljettunni, sem nú eru aðgengileg fyrir innflytjendur. Eins og áður hefur verið vikið á, eru það járnbrautirnar, sem að miklu leyti ráða, með hvað miklum hraða þetta eða hitt hjeraðið byggist. Án þeirra er ómögulegt, að minnsta kosti ill-mögulegt, að nota þenna ógna-geim. Af því Manitoba er austast, komu járnbrautir þar fyrst og fjölguðu óðast í ýmsar áttir, og eptir þeim fylgdi landnemastraumurinn. Suðurhluti Assiniboia og Alberta hjeraðanna fengu járnbraut fyrst — aðal-braut Canada Kyrrahafsjelagsins, — og jókst því byggðin smásaman út frá henni. Smámsaman þumlungaðist og Manitoba og Norðvesturjárnbrautin inn í norðausturhluta Assiniboiahjeraðsins, og strax elti straumur landnema hana og fór langt fram fyrir núverandi enda brautarinnar. Það var ekki fyrr en í ágúst 1891, að fullgerð var járnbraut norður um Alberta frá Calgary til Edmonton, og ekki fyrr en í janúar 1891 að járnbraut var fullgerð norður um Assiniboia og Saskatchewan frá Regina til Prince Albert. Af þessu leiðir að þessi hjeruð, einkum Saskatchewan, eru skammt á veg komin, en eptir horfunum ná þau sjer bráðlega á framfara rekspölinn. Innflutningur til hjeraðanna



grend við Edmonton og Prince Albert var orðinn töluverður í fyrra haust og varð í stórum stíl þangað í sumar (1892). Í þessum þremur hjeruðum eru sem stendur fullgerðar um 1,500 mílur af járnbrautum. Samlagt íbúatal þeirra er um 70,000 (var 66,799, er manntalið var tekið í apríl 1891). Alpýðuskólar í þessum hjeruðum eru samtals um 400, og eru skólalögin áþekkt þeim í Manitoba, í aðal-atríðunum.

**Athabasca** heitir hjerað mikið, á sömu stærð og Alberta, er liggur norður af Alberta-hjeraðinu. Vegna fjarlægðar hefur lítil gangskör verið gerð til að kanna það til verulegs gagns, og því síður gerð tilraun til að leiða athygli landsmanna að því, á meðan hundruð þúsunda ferhyrningsmílur af ágætu landi eru nær. En eptir sögn allra þeirra, er um það hjerað hafa farið, og eptir sögn þeirra fáu hvítu manna, er þar hafast við, eru þar landskostir betri en í mörgum nærliggjandi hjeruðum. Þar eru og ógrynni af kolum og steinolíu í jörðu, auk ýmrsa málmtegunda, skógur yfir höfuð mikill, og stór stöðuvötn bæði innan takmarka þess og rjett í grend við það að norðan og sustan. Ár falla og margar um það hjerað, en stærstar þeirra og merkastar eru Peace River, að sögn engu vatnsmiuni en Saskatchewan-fljótið, er fellur um hjeraðið frá horni til horns, frá suðvestri til norðausturs, og í Athabasca-vatn á austurtakmörkum hjeraðsins. Hin önnur stór-áin er Athabasca River, er fellur um suðausturluta hjeraðsins og eptir austurlandamærunum norður í Athabasca-vatn. Loptslagið er sagt alveg það sama í Athabasca eins og í Alberta, og er því hjeraðið ekki fráfélandi fyrir þá sök.

**Loptslagið** á Vestur-Canada sljettunum er flestum Íslendingum orðið meira og minna kunnugt af afspurn. Sumrin eru heit og vetrarnir kaldir, og á veturnum stígur frostið nokkuð hærra en á Íslandi, en meginlandsloptið þura og ljetta og hið sífelda sólskin gerir það að verkum, að mismunurinn er hvergi nærri eins tilfinnanlegur eins og menn, sem uppaldir eru í eyjalopti, ímynda sjer. Frostin eru mest í Rauðárdalnum, en fara minnkandi eptir því sem vestar dregur, nær Klettafjöllunum og Kyrrahafinu. Hlákur eru sjaldgæfar í Rauðárdalnum um miðsvetrar leytið, en eru algengar í Alberta og vestur-Assiniboia. Sama á sjer stað í hjeruðum mörg hundruð mílur norðar en Winnipeg, eptir að komið er vestur undir Klettafjöll, að þar eru frostin ekki meiri nje langvinnari en í Alberta, er stafar af því, að þar eru fjöllin orðin svo lág og dalirnir gegnum þau margir og breiðir, að hitastraumarnir berast yfir þau tálmanalaust. Í Rauðárdalnum gengur vetur venjulega í garð um miðjan nóvember, en verulegar vetrarhörkur byrja sjaldan fyrr en um og eptir jól, en frá þeim tíma til febrúarloka má búast við að þær haldizt upphaldslítið. Marzmánuður er venjulega stormasamur; skiptast á fannkomur og hlákur. Í apríl byrjar sáðtími almennt, stundum fyrr. Ís leysir ekki af ám fyrr en í apríl, og ekki eru hagar orðnir grænir fyrr en um miðjan maí.

Eini gallinn á þessu mikla sljettusvæði eru sumarfrostin — næturfrost einhverntíma á tímabilinu frá 1. til 20. ágúst — sem annan sprettinn gera vart við sig hjer og þar um alt sljettlendið, svo að eitt byggðarlag er aldrei ugglaustr, þó það sleppi það og það árið, en önnur umhverfis bíði tjón. En einmitt á þessu tímabili er hveitið almennt að ná sínum fyllsta þroska, að harðna eins og það þarf áður en það verður slegið, og einmitt á því tímabili er það viðkvæmast; hvort heldur er of-kuldi eða of-hiti þá, skemmir útlit þess, og það fellur í verði og getur orðið ónýtt. Skaðinn, sem af þessu leiðir er mikill, en mjög tilfinnanlegur er hann ekki fyrir þann bónda, er stundar kvikfjárrækt jafnframt kornyrkjunni, og yfir höfuð að tala er skaðinn, sem frostið veldur, ekki meiri en sá skaði, er bændur í heitari löndum bíða á hverju ári af völdum fellibylja, er leggja stöngina flata, og af völdum hitavindanna, er skrælpurka kornið á stönginni áður en það nær fullum þroska. Sú skoðun er líka almennt ríkjandi, að sumarfrostin smáhverfi, öldungis eins og hefur átt sjer stað í vestur-Ontario, og innan Bandaríkja í Illinois, Iowa og öðrum ríkjum. Þar hefur reynslan sýnt, að eptir því sem byggðin þjettist, meiri og meiri víðátta var plægð og ræktuð, og meira og meira af votlendi var skorið fram og þurkað, eptir því leið æ lengra og lengra á milli sumarfrostanna og að lokum hurfu þau algerlega. Af þessu er ráðið að reynslan í Vestur-Canada sýni það sama.

## Íslendinga-byggðir.

Að frádregnum byggðum Íslendinga í bæjunum, Winnipeg, Selkirk og Brandon í Manitoba, Calgary í Alberta, o. fl., eiga þeir nýlendur í öllum fyrgreindum fylkjum, nema Saskatchewan. Þar eiga þeir enga nýlendu enn. Í Manitoba eru þær þrjár, og fjórða í myndun. Í Assiniboia tvær, og í Alberta ein.

Afstaða nýlendanna og fjarlægð frá Winnipeg er þessi: Suður-landamæri *Nýja Íslands* eru eptir beinni línu um 40 mílur heldur austar en í hánorður frá Winnipeg. Sjálf er nýlendan um 40 mílur á lengd og tilheyrir henni að auki Mikley (í Winnipeg-vatni), 13 mílna löng og 4—6 mílur á breidd, og liggur 2—4 mílur undan meginlandi nýlendunnar í norðaustur. Suðaustur landamæri *Álptavatns-nýlendunnar* eru í beinni línu um 60 mílur norðvestur frá Winnipeg, en nýlendan er 10—12 mílur á lengd, frá norðri til suðurs, og liggur 6—12 mílur austur frá Manitoba-vatni. Austurtakmörk *Argyle-nýlendunnar* eru í beinni línu rúmlega 90 mílur suðvestur frá Winnipeg. Nýlendan sjálf er 18—20 mílur á lengd, frá austri til vesturs, og breidd hennar, frá norðri til suðurs, er 6—10 mílur. Nýlendan fjórða í Manitoba, er nú er verið að stofna, *Melita-nýlendan*, liggur nálægt vesturtakmörkum fylkisins og um 90 mílur beint í vestur frá Argyle-nýlendunni.

Assiniboia nýlendurnar eru: *Þingvalla-nýlendan*, er liggur meðfram Manitoba og Norðvestur-járnbrautinni, 6—10 mílur vestur frá landamærum Manitoba-fylkis, og um 260 mílur norðvestur frá Winnipeg, og *Qu'Appelle-nýlendan*, er liggur á norðurbrún Qu'Appelle-dalsins og um 30 mílur beint í suður frá Þingvalla-nýlendunni.

Alberta-nýlendan, venjulega nefnd *Red Deer-nýlendan*, er í Red Deer-dalnum, örskamt vestur frá Calgary og Edmonton-járnbrautinni, um 70 mílur norður frá Calgary, um 80 mílur austur frá Klettafjöllunum og um 910 mílur vest-norðvestur frá Winnipeg, eptir járnbrautarlengd þangað að dæma.

Um landslagið í hinum ýmsu nýlendum, eða um landskosti hverrar einnar fyrir sig, þýðir ekki að tala. Búnaðarskýrslur þær er hjer fara á eptir skýra og að vissu leyti það atriðið, er snertir landskostina. Nýja Ísland er eina nýlendan, sem ekki er rjettlátt að dæma frá sama sjónarmiði og hinar nýlendurnar. Þó sú nýlenda sje að nafninu til lang-elzt allra nýlendanna, þá er að athuga það, að fyrir burtflutning var hún nærri mannlauus orðin fyrir 10 árum síðan, og, að innflutningur þangað í annað sinn byrjaði ekki fyrir alvöru fyrri en 1884. Annað athugunarvert er það, að nýlendan er öll skógi vaxin, og alt landsvæðið í grend við hana að sunnan og vestan annaðtveggja skógi vaxið eða mýrlent, og að nýlendan liggur á bakka ágætasta fiskivatns. Af því leiðir, að nýlendumenn gefa sig meir við fisktekju en landbúnaði, sem er svo miklum örðugleikum undirorpinn í skóginum og vegleysinu, sem skóginum er æfinlega samfara. Hið þriðja athuga-verða atriði er það, að til Nýja Íslands hafa að jafnaði flutt fátækustu mennirnir af Íslandi. Þeir hafa flúið þangað í vændræðunum, vegna fiskinægtanna í vatninu og húsa- og eldiviðar nægtanna í skóginum. Hinar nýlendurnar allar eru að heita má skóglausar, og þar af leiðandi er þar fljóttknari gróði, svo framarlega sem landneminn hefur uxa og plóg til að byrja með. Í þeim eru heldur ekki fiskivötn til að glepja frumbýlinginn frá vinnu á akrinum.

## I. SKÝRSLA frá

í Manitoba, 5., 6., 7. og 8. hverfi,

## Argyle-nýlendu

13. og 14. röð vestur frá 1. hádegisbaug.

Nöfn landnema	Síðasta heimili á Íslandi	Heimkynni			Núverandi pósthöðvar heimili	Landnámsár	Manns í heimili	Akuryrkja							Kvikfjarrækt					Verð land-eignar & húsa doll.	Verð jarð-yrkju tóla doll.	Stofnife doll.	Núverandi skuldir doll.	Eigur alls doll.	Skuldlausar eigur doll.			
		Reitur	Hverfi	Röð				Undir höfnum	Undir byggi	Undir rúglo.s.f.	Garðáv.	Kýr	Uxar	Ungneyti	Nautpen alls	Hestar	Sauðfje	Svin	Alifuglar									
1. Eyjólfur Snædal.....	Hjarðarhaga, Jökuldal.....	NA 1/4	25.	5. 14	Grund	PO	81	11	95	60	20	•	•	•	4	•	7	11	4	12	4	20	2000	552	200	1000	3965	2965
2. Bjarni Jónasson.....	Laxamýri, Þingeyjarsýslu...	SA 1/4	19.	6. 13	Glenboro	—	89	4	50	30	•	•	•	•	2	•	3	5	•	•	•	•	1500	•	•	450	1900	1450
3. Andrjes Andrjesson.....	Sigurðarstöðum, Bárðardal....	NV 1/4	8.	6. 13	Grund	—	89	3	35	35	•	•	•	•	1	2	1	4	•	•	2	30	1400	30	•	500	1600	1100
4. Björn Andrjesson.....	Bakka, Tjörnesi, Þingeyjars..	SA 1/4	18.	6. 13	—	—	83	1	150	70	23	•	•	•	•	•	•	•	4	•	4	40	4000	400	100	1000	6765	5765
5. Helgi Thorsteinsson.....	Dagverðargerði, Norðurmúlas.	NV 1/4	1.	6. 14	—	—	82	6	125	100	12	•	•	•	5	2	13	20	5	•	5	30	3000	600	375	2000	5275	3275
6. Guðmundur Símonarson....	Heiði, Gönguskörð., Skagafj.s.	SA 1/4	30.	6. 13	Brú	—	89	2	145	120	20	5	•	•	3	2	6	11	7	•	13	20	3500	2380	1000	2000	8150	6150
7. Jóhann G. Jónasson.....	Kelduneskoti, Þingeyjarsýslu...	SA 1/4	11.	6. 14	Grund	—	88	6	10	10	•	•	•	•	4	3	6	13	•	•	•	12	300	140	500	•	885	885
8. Kristján Jónsson.....	Hjeðinshöfða við Húsavík.....	SV 1/4	13.	6. 14	—	—	83	7	140	100	25	•	•	•	8	•	8	16	8	8	9	20	2500	620	150	•	6580	6580
9. Ólafur Jónsson.....	Kúða í Þistilfirði.....	NA 1/4	16.	8. 13	Glenboro	—	91	4	6	•	•	•	•	•	4	2	4	10	•	37	•	20	800	•	500	100	1300	1200
10. Baldvin Benediktsson.....	Hjarðarhaga, Jökuldal.....	NV 1/4	2.	6. 14	Grund	—	82	7	100	58	7	•	•	•	7	2	12	21	2	2	9	20	4000	500	130	1000	5755	4755
11. Einar Sigvaldason.....	Þórustöðum, Svalbarðsstr. Eyjf.	NV 1/4	25.	5. 14	—	—	91	1	45	30	•	•	•	•	2	•	2	•	•	•	•	•	2000	67	200	700	2192	1492
12. Stefán Stefánsson.....	Rauðanesi, Mýrasýslu.....	SV 1/4	6.	6. 13	—	—	86	2	25	15	•	•	•	•	4	3	5	12	•	2	2	5	800	107	•	40	1490	1450
13. Baldvin Sigurðsson.....	Glaumbæjarseli, Þingeyjars....	NV 1/4	25.	6. 14	—	—	86	1	•	•	•	•	•	•	1	1	•	2	1	•	•	•	1000	•	•	800	2630	1830
14. Halldór G. Jónsson.....	Hjeðinshöfða við Húsavík.....	SV 1/4	13.	6. 14	—	—	88	6	130	98	17	•	•	•	4	2	5	11	2	4	6	30	2400	380	200	1685	5155	3470
15. Hjörtur Sigurðsson.....	Mjóadal, Bárðard., Þingeyjars.	NA 1/4	31.	5. 13	Baldur	—	83	10	65	32	9	2	•	•	5	•	8	13	6	•	1	20	2500	335	50	1000	3750	2750
16. Jón Jóhannesson.....	Borgargerði, Þingeyjarsýslu...	NA 1/4	36.	5. 14	—	—	84	5	35	25	•	•	•	•	6	2	5	13	•	2	1	20	1500	160	•	300	2260	1960
17. Björn Björnsson.....	Meðalheimi, Svalbarðsströnd...	NV 1/4	30.	5. 13	—	—	90	5	3	3	•	•	•	•	3	2	2	7	•	2	1	15	600	•	•	100	860	760
18. Bjarni Helgason.....	Brúnahvamm, Vopnafirði.....	NA 1/4	24.	5. 13	—	—	90	10	8	6	•	•	•	•	4	2	5	11	•	•	•	20	1000	27	100	•	1422	1422
19. Sigmundur Bárðarson.....	Rauðanesi, Mýrasýslu.....	SA 1/4	6.	6. 13	—	—	88	6	15	9	•	•	•	•	4	2	2	8	•	•	2	5	800	27	•	30	1275	1245
20. Jól Jóseppson.....	Skörðum, Miðdölum, Dalasýslu	NA 1/4	26.	6. 14	—	—	89	4	15	15	•	•	•	•	3	2	3	8	•	•	2	4	1000	87	35	87	1667	1580
21. Kristján Árnason.....	Hólsgerði, Köldukinn, Þingeyjs.	SA 1/4	3.	6. 14	Grund	—	86	7	75	40	10	•	•	•	3	4	7	14	1	•	2	8	2500	594	50	1200	5336	4136
22. Sigurður Antoníusson.....	Gilsárstekk, Breiðdal, Suðurm.	SV 1/4	27.	5. 14	—	—	85	5	60	40	7	•	•	•	3	2	3	8	2	•	3	30	2500	400	35	800	4110	3310
23. Jóhann Jónsson.....	Eyjarlandi? Eyjafirði.....	NV 1/4	21.	5. 14	—	—	84	7	90	60	10	5	•	•	7	1	11	19	7	26	•	50	4000	550	800	400	6845	6445
24. Kristján Ólafsson.....	Hjalla, Reykjadal, Þingeyjars.	NA 1/4	17.	5. 14	—	—	86	5	48	36	8	•	•	•	6	4	10	20	3	16	•	30	2000	400	35	700	3300	2600
25. Kristján J. Dalmann.....	Dal, Miklholtshr., Snæfellsn.s.	SV 1/4	20.	5. 14	Baldur	—	85	4	60	54	6	•	•	•	6	4	7	17	6	5	2	100	2000	402	56	200	3870	3670
26. Sæmundur Friðriksson.....	Eyjarbakka, Árnassýslu.....	NV 1/4	20.	5. 14	—	—	85	7	95	48	13	1	•	•	4	2	8	14	6	8	2	30	1800	560	225	800	4030	3230
27. Jóhannes Sigurðsson.....	Hróðnýarstöð., Laxárd., Dalas.	N 1/2	23.	5. 14	—	—	90	2	70	35	•	•	•	•	1	2	1	4	•	•	•	•	2800	82	200	1200	3630	2430
28. Friðsteinn Sigurðsson.....	Harðbak, Sljettu, Þingeyjars..	SV 1/4	33.	5. 14	Grund	—	91	6	50	•	•	•	•	•	4	2	5	11	•	•	•	12	1500	27	350	700	1850	1150
29. Þórður Þorsteinsson.....	Gilsárstekk, Suðurmúlasýslu...	NV 1/4	27.	5. 14	—	—	86	9	71	50	10	•	•	•	3	2	10	15	4	4	3	30	2000	377	270	1400	3947	2547
30. Hósiás Jósephson.....	Vestarálandi, Axarfirði, Þingey.s.	V 1/2	28.	5. 14	—	—	82	6	70	39	6	•	•	•	2	•	4	6	5	•	4	•	2000	•	•	1115	3115	2000
31. Sveinn Björgólfsson.....	Gilsárstekk, Suðurmúlasýslu...	SV 1/4	34.	5. 13	Brú	—	88	6	28	18	3	•	•	•	5	2	5	12	•	•	3	20	800	225	600	500	1745	1245
32. Guðjón Jónsson.....	Gilsá, Suðurmúlasýslu.....	SA 1/4	34.	5. 13	—	—	88	4	38	30	1	•	•	•	4	3	6	13	•	4	3	30	1000	204	100	500	2024	1524
33. Jóhannes Sigurðsson.....	Laxamýri, Þingeyjarsýslu.....	NA 1/4	12.	6. 14	—	—	82	5	150	140	10	•	•	•	8	3	12	23	3	•	•	50	3500	430	50	500	7776	7276
34. Bæring Hallgrímsson.....	Reykjum, Fnjóskadal, Þingey.s.	SV 1/4	15.	6. 14	Grund	—	90	4	30	30	•	•	•	•	2	2	3	7	•	1	•	2	2000	137	250	500	2717	2217
35. Jón Þórðarson.....	Þorsteinsstöðum, Dalasýslu.....	NA 1/4	30.	6. 14	Glenboro	—	84	8	140	80	17	5	•	•	8	•	9	17	5	21	3	100	2000	837	50	840	5717	4877
36. Þorsteinn Antoníusson.....	Þiljuvöllum, Berufirði.....	SA 1/4	2.	6. 15	Bellmont	—	85	5	120	100	28	•	•	•	5	•	20	25	5	3	10	35	2800	665	350	800	6186	5386



## I. Argyle-nýlenda. (Framh.).

Nöfn landnema	Síðasta heimili á Íslandi	Heimkynni			Núverandi póststöðvar heimili	Landnámsár	Manns í heimili
		Reitur	Hverfi	Röð			
71. Jóhannes Sigurðss. (Strang)	Æsustöðum, Eyjafirði.....	NA 1/4	24.	6.14	Glenboro PO.	84	4
72. Jóhann G. Jóhannsson	Akureyri.....	SV 1/4	19.	6.13	Brú	88	4
73. Björn Jósephsson	Vestarálandi, Axarfirði.....	1/2 SV 1/4	30.	5.13	—	81	6
74. Vilhjálmur T. Friðriksson	Litlagerði, Grýtab.hr., Þings.	1/2 NA 1/4	18.	6.13	Grund	82	9
75. Kristján Sigurðsson	Nesi, Höfðahverfi, Þingeyjars.	1/2 SV 1/4	24.	6.14	—	84	8
76. Ásmundur Ásmundsson	Kúða, Þistilfirði, Þingeyjars...	1/2 SA 1/4	12.	6.14	—	85	4
77. Friðfinnur Jónsson	Þorvaldsstöð., Breiðd., Suðm.s.	NV 1/4	6.	6.13	Brú	83	2
78. Páll Friðfinnsson	—	1/2 SA 1/4	4.	6.13	—	84	4
79. Símon Símonarson	Gönguskörðum, Skagafjarðars.	1/2 SV 1/4	4.	6.13	—	82	5
80. Guðmundur Magnússon	Felli, Kollafirði, Strandasýslu	SV 1/4	2.	6.13	—	86	3
81. Jón Halldórsson	Svartagili, Árnessýslu.....	SA 1/4	36.	5.13	—	88	5
82. Tryggvi Friðriksson	Haga í Vopnafirði	SV 1/4	36.	5.13	—	84	7
83. Sigtryggur Stefánsson	Svertingsstöðum, Eyjafirði....	NA 1/4	36.	5.13	—	84	6
84. Sigurbjörn Arnason	Fjallseli, Fellum, Norðurnúlas.	NV 1/4	36.	5.13	—	84	3
85. Einar Jónsson	Brekknakoti, Reykjahv., Þing.s.	SV 1/4	2.	6.13	—	82	3
86. Benidikt Einarsson	—	SV 1/4	24.	6.14	—	82	1
87. Guðmundur Norðmann	Sigurðarstöðum, Melrakkaslj.	NV 1/4	12.	6.13	—	82	6
88. Björn Björnsson	Grashóli, Melrakkasljettu.....	SV 1/4	12.	6.13	—	83	8
89. Páll Arnason	Apavatni, Grimsnesi, Árnessýs.	SA 1/4	12.	6.13	—	87	6
90. Jón Magnússon	Eyjaseli, Jökulsárhl., N.múlas.	1/2 SA 1/4	13.	6.13	—	82	6
91. Hannes Sigurðsson	Steini, Reykjastr., Skagafjarð.s.	1/2 NA 1/4	23.	6.13	—	84	6
92. Þorsteinn Jónsson	Dísastöðum, Breiðd., S.múlas.	1/2 NA 1/4	24.	6.13	—	84	6
93. Jón Magnússon Norðdal	Svartagili, Norðurárd., Mýras.	1/2 NV 1/4	32.	7.13	—	82	10
94. Þorfinnur Jóhannesson	Þorgrímsst., Breiðd., S.múlas.	1/2 SV 1/4	23.	6.13	—	82	10
95. Brynjólfur Gunnlögsson	Höskuldsstaðaseli	NV 1/4	14.	6.13	—	82	6
96. Jón Sæmundsson	Hraunkoti, Kleifahr., V-Sptafls.	1/2 NA 1/4	23.	6.13	—	83	6
97. Halldór Arnason	Sigurðarst., Presthólahr., Þings.	1/2 SA 1/4	28.	6.13	—	83	10
98. Skúli Arnason	—	1/2 SV 1/4	23.	6.13	—	81	5
99. Björn Jónsson	Ási, Kelduhverfi, Þingeyjars...	1/2 SA 1/4	14.	6.13	—	81	11
100. Gunnlögur Bjarnason	Ásunnarstaðastekk, S.múlas...	SA 1/4	16.	6.13	—	82	5
101. Sigurður Landy	Austarálandi, Axarfirði, Þings.	NV 1/4	34.	5.13	—	87	6
102. Stefán Pjetursson	Sígluvík, Eyjafirði.....	NV 1/4	10.	6.13	—	83	3
103. Hólmkell Jósephsson	Sígluvík, Eyjafirði.....	NV 1/4	9.	6.13	—	88	6
104. Jósef Björnsson	Vestarálandi, Axarfirði, Þings.	SV 1/4	16.	6.13	—	82	1
105. Jón Sveinn Jónsson	—	NV 1/4	16.	6.13	—	81	6
106. Jón Ólafsson	Skipalóni, Eyjafirði.....	NA 1/4	9.	6.13	—	91	4
107. Björn Sigvaldason	Laugalandi, Eyjafirði.....	NA 1/4	16.	6.13	—	82	6
108. Jón Hjálmarsson	Austarálandi, Axarf., Þingeyj.s.	V 1/2	22.	6.13	—	82	5
109. Eggert Jónsson	Sandvík, Bárðard., Þingeyjars.	SV 1/4	28.	6.13	—	84	6
110. Björn Einarsson	Laugalandi, Eyjafirði.....	1/2 NV 1/4	7.	6.13	—	87	9
111. Einar Einarsson	—	1/2 NV 1/4	28.	6.13	—	87	9
112. Steingrímur Guðnason	Grashóli, Presthólahr., Þingeyj.s.	NA 1/4	32.	6.13	Glenboro	88	4
113. Sigurður Sigurðsson	—	SV 1/4	32.	6.13	—	88	4
114. Einar Einarsson	—	SV 1/4	32.	6.13	—	88	4
115. Steingrímur Guðnason	Litlulaugum, Reykjad., Þings.	SV 1/4	22.	6.13	—	87	3
116. Sigurður Sigurðsson	Akureyri	SV 1/4	32.	7.13	—	89	5

## I. Argyle-nýlenda. (Framh.).

Ekkrur	Akuryrkja						Kvikfjárrækt						Verð land-eignar & húsa doll.	Verð jarð-yrkju tóla doll.	Stofnfje doll.	Núverandi andi skuldir doll.	Eigur alls doll.	Skuld-laugar eigur doll.	
	Ungur	Ungur	Ungur	Ungur	Ungur	Ungur	Kyr	Uxar	Ung-neyti	Nautpen alls	Hestar	Sauðfje							Svín
80	30	15	3	3	3	6	8	14	3	3	30	2000	470	600	4280	3680			
60	40	5	3	3	3	3	2	4	9	2	3	4	5	2500	130	1000	3855	2855	
110	80	20	3	3	3	4	3	7	8	3	25	2500	470	120	5780	5780			
50	50	3	3	3	3	5	4	1	10	1	24	4	30	1500	547	480	3367	2887	
80	60	10	3	3	3	5	4	6	15	3	10	20	2250	500	600	4090	3490		
30	23	2	3	3	3	2	2	6	10	2	30	1	15	1000	217	600	2177	1577	
85	65	5	3	3	3	3	4	7	14	3	7	20	2000	300	800	4800	4000		
100	90	10	3	3	3	8	4	9	21	2	5	4	30	3000	445	700	5425	4725	
100	60	14	3	3	3	7	2	13	22	6	6	50	2500	570	600	1000	5620	4620	
56	40	6	3	3	3	5	3	13	18	4	4	50	1200	510	100	625	3040	2415	
11	6	3	3	3	3	5	2	4	11	3	1	30	500	50	100	905	805		
25	53	7	3	3	3	5	2	2	9	3	3	20	1000	240	35	1000	2260	1260	
35	22	1	3	3	3	7	2	8	17	2	8	3	16	1000	328	150	475	2283	1808
44	33	2	3	3	3	7	4	8	19	3	2	40	1100	225	35	80	2190	2110	
35	30	3	3	3	3	7	2	11	20	3	2	30	1500	350	100	500	2750	2250	
52	35	7	2	3	3	7	3	3	3	4	3	3	1500	306	100	2715	2615		
40	55	12	3	3	3	4	2	5	11	4	6	50	1500	520	125	600	3400	2800	
30	50	4	3	3	3	5	3	10	15	2	4	30	1500	390	400	2900	2500		
36	28	3	3	3	3	5	3	7	12	2	9	2	30	1200	270	650	2548	1898	
50	34	3	3	3	3	6	3	6	15	1	5	45	2500	330	150	1000	3710	2710	
70	50	10	3	3	3	5	2	12	19	5	6	9	10	3000	480	900	5670	4770	
250	170	10	5	3	3	13	4	23	40	7	18	14	100	7000	1160	250	1000	13170	12170
110	75	15	3	3	3	8	3	9	17	6	20	5	30	3500	615	200	1500	6675	5175
50	40	5	3	3	3	2	3	2	4	2	3	50	1500	283	75	1400	2283	883	
35	17	3	3	3	3	6	3	10	16	4	10	2	50	1500	410	900	3215	2315	
36	24	3	3	3	3	8	2	14	24	3	25	1	30	2500	200	1400	4035	2630	
Hvernig stendur nú á þessum mikla mismun? Hvernig stendur á því, að í Argyle-nýlendunni einni eru það ekki minna en 300 dagsláttur, sem bændur þar eru látnir yrkja fram yfir plægða landeign? Þar til liggur að eins það svar: að annaðhvort er ekki allt plægt land hvers bónda talið í dálkinum undir »ekru plægðar«, eða þá að þessir menn, sem hjer hafa verið taldir, eru látnir nota meira land til akuryrkju en þeir í raun og veru gjöra. En hvort sem er, þá er það mjög svo ónákvæmt og rangt. Hagskýrslur, sem svo eru úr garði gjörðar, verða með engu móti taldar áreiðanlegar. Það er ennfremur eptirtektarvert, að fjöldi »plægðra ekra« er aptur á móti víða langt um meiri en fjöldi þeirra, sem notaður er til jarðyrkju og garðyrkju. Nr. 122 í Argyle-nýl. hefur 110 plægðar ekru, sáir hveiti í 15 þar af, höfrum í 5 og garðávöxtum í ½. En hvað gjörir hann þá við hinar 89½ ekru? Svona er ástatt með langflestu bændurna. Nr. 195 í Nýja Ísl. reisti bú 1880; hefur 10 ekru plægðar, notar að eins ½ ekru til sáningar. Sumir virðast jafnvel, eptir skýrslunum að dæma, hafa plægðar ekru »upp á stáss«.

Nr. 90 í Nýja Ísl. (frá 1890) hefur 8 ekru; notar enga. Nr. 124 s. st. (frá 1876) hefur 12 ekru; notar enga. Nr. 8. í Vatnsd. nýl. (frá 1889) hefur 20 ekru; notar enga. Nr. 16 í Þingv. nýl. (frá 1889) hefur 6 ekru; notar enga. N. 26 s. st. hefur 9 ekru; notar enga til sáningar.

Skýrslurnar fara og einkennilega með nr. 225 í Nýja Ísl. (Jóh. Hannesson); sagt er, að hann eigi 3 nautgripi og 1 hest, og svo er bætt við: *Núverandi skuldir engar og engar eigur skuldlausar!!*

En það er svo sem ekki brotið til mergjar enn og skulu nú sýnd nokkur dæmi þess.

2. Jón Friðfinnsson, nr. 49 í Argyle-nýlendu, á hvorki hús yfir höfuðið, nje gómstóran yrktan blett af landi, en hann á jarðyrkjutól, sem metin eru 2110 doll. eða segi og skrifa 6850 kr. Til hvers brúkar hann nú öll þessi tól, úr því hann í 2—3 ár ekki hefur svo mikið sem komið sjer upp dálítilli kálgarðsholu? Manni dettur ósjálfrátt í hug gamla sagan af manningum, sem ætlaði að smíða sjer bát og byrjaði á neglunni.

3. Guðrún Jónsdóttir (Storm) nr. 55 í sömu nýlendu er talin eiga 63 ekru plægðar og er öll landeign hennar og húseign 1200 doll. virði eptir markaðsverði. Hún á ekkert annað til en þetta, ekki svo mikið sem eina hænu, en eigur hennar eru þó taldar alls 2712 doll. Hvaðan fær hún nú 1512 doll., úr því markaðurinn ekki gefur meira fyrir *aleigu* hennar en 1200 doll.?

4. Nr. 11 í Þingvalla-nýlendu á jarðyrkjutól fyrir 65 doll.; nr. 56 fyrir 75 doll.; nr. 89 fyrir 105 doll.; nr. 5 í Red-Deer-nýlendu fyrir 160 d. og nr. 7 í sömu nýlendu fyrir 130 doll.; nr. 21 í Nýja Íslandi fyrir 115 doll.; nr. 101 fyrir 85 doll.; nr. 190 fyrir 135 doll.; nr. 191 fyrir 160 doll.; nr. 224 fyrir 300 doll.; og nr. 226 fyrir 800 doll. Enginn af þessum mönnum á *nokkurn* blett yrktan, og það enda sumir eptir fleiri ára búskap. Annaðhvort er, að hjer er ekki rjett skýrt frá, eða þá að þessir menn eru ekki með rjettu ráði, því að öðrum kosti verður það óskiljanlegt, að menn verji mörg hundruð krónum til þess að kaupa þá muni fyrir, er þeir hafa engin minnstu not af.

5. Gestur Oddleifsson, nr. 130 í Nýja Íslandi, hefur þó plægt ½ ekru síðan vor-ið 1888, sem hann sáir í garðávöxtum, og þótt hann hafi ekki komizt af með minna en 1155 kr. fyrir jarðyrkjutól til þess, þá er það þó góðra gjalda vert hjá hinu. Að vísu er hugsanlegt, að eitthvað af þessari upphæð geti verið fólgið í bát og veiðarfærum, ef hann annars hefur nokkurn útveg.

6. Þá er það ekki síður athugavert, hve mikill verðmunur er látinn vera á húseignum og landeignum, þótt í sama byggðarlagi sje, og landeignirnar sjeu, að því er sjeð verður, svipaðar að stærð. Hjer rekur maður sig nú reyndar á þá torfæru, sem stafar af því, sð verð landeigna er ekki greint frá húsaverði, eins og áður hefur verið bent á. En það er bót í máli, að þó maður hitti, ef til vill, ekki á alveg rjettar tölur, þá er það höf. skýrslanua að kenna og engum öðrum; því að honum var innan handar — og það var jafnvel skylða hans — að hafa skýrslurnar full-greinilegar í þessu mest umvarðandi atriði, úr því hann ætlaðist til, að þær skyldu geta sannfært almenning án frekari útskýringa.

Þessi áminnuzti verðmunur er svo tortryggilega mikill, hvar sem, svo að segja, í skýrslurnar er litið, að það er lítt hugsanlegt, að hann *geti* verið rjettur. Skulu hjer tekin nokkur dæmi úr Argyle-nýlendu og færð saman í töfluform, svo fljótara verði að átta sig á þeim.

Nr.	Nöfn landnema.	Heim- ilisfólk	Gripir tals	Plægðar ekrur tals	Þar af		Verð land- eignar og húsa. doll.
					undir korn- rækt	undir garð- ávexti	
122	Sigurður Kristófersson .....	14	68	110	20	$\frac{1}{2}$	9800
54	Guðjón Storm .....	2	24	110	45	$\frac{1}{2}$	4000
93	Jón Nordal .....	6	48	110	90	$\frac{1}{2}$	3500
106	Jón Olafsson .....	6	34	110	100	$\frac{1}{2}$	3000
73	Björn Jósefsson .....	6	18	110	103	$\frac{1}{2}$	2500
39	Halldór Valdason .....	4	16	110	76	$\frac{1}{2}$	2100
123	Gísli Torfason .....	7	12	40	8	$\frac{1}{2}$	800
51	Björn Borgfjörð .....	6	9	30	30	$\frac{1}{2}$	800
47	Jón Jónsson .....	5	33	28	28	$\frac{1}{2}$	550
7	Jóhann G. Jónasson .....	6	13	10	10	$\frac{1}{2}$	300

Þó að gjört sje ráð fyrir, að verðmunur á húseignum sje talsverður hjá mönnum þeim, er hjer eru nefndir, þá er munurinn samt svo mikill á verði t. a. m. á húsi og landeign Sig. Kristóferonar og Jóhanns G. Jónassonar, að hveitiekur Jóhanns verða nærri því einskis virði, þegar þær eru bornar saman við hveitiekur Sigurðar. — En fyr má nú muna, en svo sje. — Nokkuð getur mismunurinn auðvitað stafað af ólíkum landgæðum, en merkilegt mætti það samt vera í *sama byggðarlagi*, ef hver plægð ekra ónotuð hjá Gísla Torfasyni væri 10-falt minna virði en hjá Sigurði Kristóferssyni, eða ef hver hveitiekra hjá Birni Borgfjörð væri 7-falt minna virði en hver óyrkt ekra Sigurðar.

Í Reed Deer-nýlendu er land- og húseign Jóns Jónssonar (nr. 12), sem á 6 ekrur plægðar — mestu landeign í því byggðarlagi — talin 800 doll. virði; en land- og húseign Jóns Palmasonar (nr. 5), sem á engan blett yrktan, er aptur á móti virt á 1950 doll.

Í Nýja Íslandi er land- og húseign Jóhanns Straumfjörðs (nr. 1 í skýrslunni) virt á 2365 doll. Hann á 10 ekrur plægðar, og notar þar af 6. Aptur á móti er land- og húseign Gunnsteins Eyjólfssonar (nr. 65), sem einnig á 10 ekrur plægðar og notar allar, aðeins virt á 1000 doll.

Þó hjer sje nú fljótt yfir sögu farið og ekki tekinn 10. hlutinn af dæmum þeim, er til mætti færa; þá nægir þó þetta, sem hjer hefur verið talið, til að sýna fram á, að ekki er gott að átta sig á þessum pósti í skýrslunum. Sú viðbára, að verðmunurinn liggi í mis-stóru óræktuðu (o: óbrotnu) landi er með öllu þýðingarlaus, því að óræktað land, hvar í heimi sem er, er og verður einskis virði, á meðan hver, sem vill, getur fengið það fyrir alls ekki neitt. Enda sýnir dæmi þeirra Jens Laxdals og Klemensar Jónssonar, sem áður hefur verið minnzt á, hvað bezt og ápreifanlegast, að svo er.

7. Því næst skal athuga útreikninginn á skýrslunum og aðgæta, hvort upphæðir þær, er standa í dálkinum undir yfirskriftinni »Eigur alls«, sjeu rjett fengnar út eptir framtalinu í skýrslunum. Það yrði þó oflangt mál, að reikna þannig upp aptur allar skýrslurnar og sýna útreikninginn með sjerstöku dæmi hjá hverjum einasta manni, enda



er engin þörf á, að fara svo langt út í það atriði. Nægilegt virðist að grípa hjer og hvar ofan í skýrslurnar og geta svo hins helzta.

Í athugasemdunum aptan við skýrslurnar tölul. 11. skýrir höf. frá verði því, er sett er á lausafje í hverri nýlendu fyrir sig. Og er það þannig:

Nýlendur.	Kýr doll.	Ein ak- neyti doll.	Fullorðnar sauðkindur hver doll.	Hænsn doll.	Lönd, hver ekra án umbóta. doll.	
Argyle-nýlenda ...	30	120	5	0.25	markaðsverð.	Ungneyti, hross og svín voru í öllum nýlendunum metin eptir aldri og vænleik. Ungneyti frá 10—25 doll. Hross frá 50—200 d. og þar yfir, og svín frá 3—15 d.
Þingvalla-nýlenda	35	140	7	0.25	4	
Red Deer-nýlenda	35	130	3—4	0.25	5	
Alptavatns-nýl. ...	35	120	5	0.25	2½	
Nýja-Island.....	25—30	120	5	0.25	2½	
Vatnsdals-nýlenda	35	120	7	0.25	5	

Þegar reiknað er hjá hverjum einstökum bónda eptir þessari töflu og því framtali, sem skýrslurnar sýna, þá kemur það út hjá mörgum, —svo ekki sje tekið of djúpt í árinni— að upphæðin »eigur alls« verður talsvert minni en skýrslurnar segja.

Þetta skal nú sýnt með nokkrum dæmum. Og skal þá byrjað á fyrsta mannum í skýrslunum. Tölurnar dollarar, ef ekki er annars getið.

a. Nr. 1 í Argyle-nýlendu Eyjólfur Snædal

byrjaði búskap 1881.

	Doll.	doll.	doll.
4 kýr á 30 doll . . . . .	120		
7 ungneyti að meðaltali á 17,50 d. . . . .	122,50		
4 hestar — — - 125 d. . . . .	500		
4 svín — — - 9 d. . . . .	36		
12 kindur á 5 doll. . . . .	60		
20 alifuglar á 0,25 d. . . . .	5,00		
Land- og húseign, markaðsverð . . . . .	2000		
Jarðyrkjutól . . . . .	552		
Eigur alls	3395,50		
Skuldir	1000,00	2965,00	
Skuldlausar eigur	2395,50	2395,50	
Mismunur . . . . .			569,50
			= Kr. 2135,62

Sje hvert ungneyti, hestur og svín hjá þessum bónda reiknað með hæsta verði — sem þó er vitanlega engin ástæða til—, verða skuldlausar eigur hans samt. 193 doll. eða kr. 723,75—minni, en þær eru taldar í skýrsl.

b. Nr. 14. Halldór G. Jónsson byrjaði búskap 1888:

4 kýr á 30 doll. . . . .	120		
2 uxar pr. 120 doll. . . . .	120		
5 ungneyti á 17,50 doll. . . . .	87,50		
2 hestar á 125 doll. . . . .	250		
4 kindur á 5 doll. . . . .	20		
6 svín á 9 doll. . . . .	54		
30 alifuglar á 0,25 doll. . . . .	7,50		
Verð land- og húseignar . . . . .	2400		
Jarðyrkjutól . . . . .	380		
Eigur alls	3439		
Skuldir	1685	3470	
Skuldlausar eigur	1754	1754	
Mismunur . . . . .			1716
			= Kr. 6435

Sje allt reiknað eptir hæsta verði hjá þessum bónda verða skuldlausar eigur hans samt sem áður 1492½ d. eða kr. 5596,87 minni, en skýrslan telur.

	Doll.	Skuldlausar eigur eptir skýrslunum doll.	Mismunur doll.
<i>c.</i> Nr. 86 Benidikt Einarsson byrjaði búskap 1882:			
4 hestar á 125 doll. . . . .	500		
Verð húss- og landeignar . . . . .	1500		
Verð jarðyrkjutóla . . . . .	306		
	<u>Eigur alls 2306</u>		
	Skuldir 100	2615	
	<u>Skuldlausar eigur 2206</u>	<u>2206</u>	
	Mismunur . . . . .		409
			= Kr. 1533,75
<i>d.</i> Nr. 92 Þorsteinn Jónsson byrjaði búskap 1882:			
13 kýr á 30 doll. . . . .	390		
4 uxar á 60 doll. . . . .	240		
23 ungneyti á 17,50 doll. . . . .	402,50		
7 hestar á 125 doll. . . . .	875		
18 kindur á 5 doll. . . . .	90		
14 svín á 9 doll. . . . .	126		
100 alifuglar á 0,25 doll. . . . .	25		
Verð húss- og landeignar . . . . .	7000		
Verð jarðyrkjutóla . . . . .	1160		
	<u>Eignir alls 10308,50</u>		
	Skuldir 1000	12170	
	<u>Skuldlausar eigur 9308,50</u>	<u>9308,55</u>	
	Mismunur . . . . .		2861½
			= Kr. 10730,62
<i>e.</i> Nr. 101 og 102, í Þingv.n. Eiríkur Bjarnason og Oddný Þórðardóttir:			
3 kýr á 35 doll. . . . .	105		
2 uxar á 70 doll. . . . .	140		
7 ungneyti á 17,50 doll. . . . .	122,50		
1 hestur á 125 doll. . . . .	125		
5 kindur á 7 doll. . . . .	35		
1 svín á 9 doll. . . . .	9		
6 alifuglar á 0,25 doll. . . . .	1,50		
Verð húss og landeignar . . . . .	1500		
— jarðyrkjutóla . . . . .	138		
	<u>Eigur alls 2176</u>		
	Skuldir 300	2020	
	<u>Skuldlausar eigur 1876</u>	<u>1876</u>	
	Mismunur . . . . .		144
			= Kr. 540
<i>f.</i> Nr. 122., Björn Þorleifsson, byrjaði búskap 1892:			
2 kýr á 35 doll. . . . .	70		
Verð húss og landeignar . . . . .	640		
	<u>Skuldlausar eigur alls 710</u>	730	
	Mismunur . . . . .		20
			= Kr. 75

	Doll.	Skuldlausar eigur eptir skýrslunum doll.	Mismunur doll.
g. Í Red Deer-nýlendu.			
Nr. 39, Gunnlaugur Sigurðsson, byrjaði búskap 1891:			
3 kýr á 35 doll. . . . .	105		
2 ungneyti á 17,50 . . . . .	35		
2 hestar á 125 doll. . . . .	250	1000	
Eigur alls skuldlausar	390	390	
Mismunur . . . . .			610
			= Kr 2287,50

Þessi bóndi byrjaði búskap vorið 1891 og átti þá til eina 200 doll. — Þetta hefur hann nælt síðan.

Í Nýja Íslandi.

h. Nr. 216, Björg Jónsdóttir, byrjaði búskap 1888:

1 kyr væn með hæsta verði 30 doll. . . . .	30	50	
Skuldlausar eigur	30	30	
Mismunur . . . . .			20
			= Kr. 75

Svona má heita að útreikningurinn sje nærri því, hvar sem gripið er ofan í skýrslurnar. Það verður þó ekki með sönnu sagt, að öll þessi dæmi, sem hjer eru sýnd, sjeu svo þung, að eigi megi komast frá þeim villulítið. — Að minnsta kosti þarf ekki neina sjerlega vandvirkni til að ganga betur frá þeim, en gjört er í skýrslunum. En það er ekki við miklu að búast af höf., að því er reikning snertir, því að á bls. 39 hjá nr. 7 í Vatnsdalsnýlendu leggur hann svo saman: 1 kýr og 1 uxi eru 3 nautgripir. Og á bls. 37 hjá nr. 25 í Álptavatnsnýlendu segir hann að 1 kýr sjeu samtals 2 nautgripir.

8. Efnahagsyfirlitið aptan við skýrslurnar bætir heldur ekki úr skák, því að þar koma fram allar vitleysurnar saman dregnar í eitt úr öllum skýrslunum og svo eðlilega nokkrar nýjar í viðbót; svo sem það, að nautpeningur er sagður samtals 6600, en er ekki eptir sjálfu efnahagsyfirlitinu nema 6596; verð jarðyrkjutóla í Argyle-nýlendu er talið alls 45,999 doll., en er ekki samtals nema 45,990 doll. eptir skýrslu þeirrar nýlendu; bændur eru taldir alls 636, en eiga að vera 637, o. fl. smávegis.

Meira er í það varið, að skuldlausar eigur í öllum nýlendunum til samans eru í yfirlitinu taldar ..... 905375 doll.  
en eiga að vera eptir sjálfu efnahagsyfirlitinu..... 860095 —  
Mismunur 45280 doll.

eða kr. 169800, sem eigurnar eru taldar meira en þær eiga að vera.

Þetta má upplýsa með dæmi: Í öllum nýlendunum eru samtals eptir yfirlitinu

2281 kýr, sem kosta alls .....	75090,52 d.
897 uxar, — — — .....	56062,50 —
3418 ungneyti, — — — .....	59815 » —
489 hestar, — — — .....	61125 » —
4546 kindur, — — — .....	24639,32 —
528 svín, — — — .....	4752 » —
6443 fuglar — — — .....	1610,75 —
Verð landa og húseigna alls .....	623397 » —
— jarðyrkjutóla.....	74163 » —
Allar eigurnar eru þannig ....	980655 doll.
og þegar skuldir eru frá dregnar, sem skýrslurnar telja .....	120560 —
Verða eptir skuldlausar eignir .....	860095 doll.

Verð á lifandi peningi er meðalverð það, er höf. sjálfur gefur upp í athugasemdunum aptan við skýrslurnar. Og þótt það, ef til vill, ekki sje alveg nákvæmt, þá getur munurinn ekki orðið mikill.

Um skuldlausar eigur hvers bónda að jafnaði í öllum íslenskum nýlendum í Canada — sem höfundurinn telur 5273 krónur — er ekki vert að tala, því að það er svo mikil fjarstæða, að hún nær engri átt. Það nægir í því tilliti, að benda á sum dæmin hjer að framan, sem sýna, á hve gildum rökum gróði þeirra manna er byggður. Einnig mætti til færa mörg dæmi önnur úr skýrslunum upp á þetta, svo sem t. a. m. nr. 6 í Þingvallanýlendu, Ólaf Hall. Hann á ekkert til nema, ef til vill, einhvern kofa og land, sem hann hefur ekki snert hendi við enn. Þetta er samt virt á 640 doll., eða 2400 kr. Hann byrjaði búskap vorið 1891 og á eptir því að hafa grætt 2400 kr. á nokkrum mánuðum, en það er hverjum manni ljóst, að slíkur gróði er að eins til á pappírnum. Maðurinn er vitanlega sami öreiginn eptir sem áður, þó honum sjeu eignaðir þessar krónur, sem hann eigi á.

9. Eins og tekið hefur verið fram í blöðunum, og getið er hjer að framan, sjest það meðal annars af efnahagsyfirlitinu, að »stofnfje«. þ: peningar þeir, er bændur áttu, þegar þeir byrjuðu búskapinn, er tvítalið, það er með öðrum orðum bæði talið sem eign og gróði. — Sem eign felst stofnfjeð auðvitað í þeim skepnum eða munum, sem bændur hafa keypt fyrir það, og er það rjett — En það er aptur á móti ekki rjett, að telja það gróða, því að »stofnfjeð« var til, þegar búskapurinn byrjaði, og getur því ekki verið grætt á honum. Þetta er nú samt gjört í efnahagsyfirlitinu. —

Frá »eigum alls«.....	1025935 doll.
eru að eins dregnar skuldir.....	120560 —
og afganginum .....	905375 doll.

skipt svo með búendatölunni og meðaltali af búskaparárurum þeirra og með þeirri aðferð fæst út »meðal árlegur gróði«, sem svo er nefndur, hvers bónda, eða 372,88 doll. En þetta er rangt. Til þess að finna út gróðann, á ekki að eins að draga skuldirnar, heldur einnig stofnfjeð frá eignum. Stofnfjeð er talið alls ..... 65187 doll. þegar því er bætt við skuldirnar..... 120560 — þá koma út ..... 185747 doll. sem dregnir frá eignum gefur 840188 doll. «gróða», ef gróða skyldi kalla. — Það mundu víst allir Íslendingar óska þess af heilum hug, að landar þeirra í Canada ættu allt þetta fje í raun og veru, en villurnar og misreikningarnir í skýrslunum sjálfum draga svo hraparlega úr þeim glæsilegu hugmyndum.

Það hefur nú verið sýnt með talsverðum rökum, að hagskýrslur þessar eru hvorki eins greinilegar eins og þær líta út í fljótu bragði og því síður eins áreiðanlegar og búast hefði mátt við af manni, sem sjálfur hefur rannsakað efnahaginn. — Þær eru því síður en ekki þess verðar, að nokkur trúnaður sje lagður á þær í heild sinni. Það kann reyndar vel að vera, að eitthvað sje satt í þeim, en af því það vanta tæki til að vinsa það úr, þá verður óhultast og öruggast, að byggja ekkert á þeim og fara ekki í neinu eptir þeim. Enda verður ekki betur sjeð, en að bæklingurinn allur í heild sinni sje ekki saman tekinn til þess, að gefa mönnum sanna og greinilega hugmynd um efnahag landsmanna í Canada, og hrinda þeim efa, sem dreginn hefur verið á það á Íslandi, að hann »sje eins góður og hann í raun og veru er«. Hafi þessi »efi«, sem höf. talar um, átt sjer stað hjer á landi allt til þessa, þá eru skýrslurnar einmitt ágætt meðal til að styrkja hann framvegis, en ekki veikja, — því að það segir sig sjálft, að hefði höfundinum þótt ástand landa í Canada eins glæsilegt eins og hann vill gefa í skyn með »hagskýrslunum«, þá hefðu þær farið nær hinu sanna en þær gjöra. En honum mun ekki hafa þótt ástandið nógu gott, til þess að hagskýrslur hans yrðu eins frambærilegar og tælandi, eins og hann óskaði og áleit nauðsynlegt, til að fara vel með sitt pund.

Útgefandi: **Halldór Jónsson.**

Prentsmiðja Ísafoldar. — 1893.

# Svar

gegn

## athugasemdum við Hagskýrslur frá Canada 1891—92.

Eptir B. L. Baldwinson.

Það hefir dregið allt of lengi fyrir mjer, að svara flugritinu hans Halldórs Jónssonar, sem hann nefnir: „Nokkrar athugasemdir við Hagskýrslur frá Ísland-íngabyggðum í Canada árin 1891 og 1892“, og útbýtt var um landið í síðastliðnum mánuði með „Ísafold“ og „Þjóðólfi“. En vegna þess að jeg hefi verið á sífelldu ferðalagi í vetur, hefir mjer ekki gefið kostur á að athuga „Athugasemdir“ þessar fyrr enn nú.

Jeg þykist geta fullvissað almenning um, að hr. H. J. muni ekki vera höfundur þessa ritlings, þótt hann hafi gerzt útgefandi að honum, því það er næstum ómögulegt, að bankagjaldkerinn sje svo snauður að praktiskri þekkingu, sem ritið virðist bera vott um að höf. þess sje. Hitt er skiljanlegra, að hr. H. J. gat glap-izt á því að gerast kostnaðarmaður þessa röklausa samsetnings.

Höfundurinn finnur fyrst að forminu á skýrslum mínum, og er það einkum tvennt, sem hneykslar hann: 1. að ekki sje tiltekið hve stórt land sje hjá hverjum búanda og 2, að verði landeigna og húseigna sje slengt saman. Fyrri aðfinnslan er tilhæfulaus þvættingur, því skýrslurnar sýna nákvæmlega hve stórt land hver búandi hefir að ekru tali að undanteknum einstöku mönnum í Red Deer nýl., sem búa á ómældum löndum og nokkrum mönnum í Nýja-Íslandi. En jeg hefi gert meira. Jeg hefi sýnt, ekki einungis hve stórt land hver búandi hefir, heldur hvar í reitnum landið liggur, hvort það er norðausturfjórðungur eða suðurhelmingur o. s. frv.<sup>1</sup> Það er því ekki mín sök, þótt flugritshöf. hafi ekki kunnað að lesa úr tölunum í fremstu dálkum skýrslanna og hefði verið rjettara af honum að fást ekki

1) Landmælingareglurnar í Canada eru svo almennt kunnar, að allir menntaðir menn ættu að þekkja þær; þær hafa verið teknar fram margsinnis í ýmsum ísl. ritum og blöðum, síðast í *Landn.* nr. 14 (okt. 1892). Börnum og unglíngum og höfundinum til leiðbeiningar skal þó segja það hjer, að hverfi (township) er ferhyrnt landsvæði, sem skiptist í 36 reiti (sections), hver reitur er = 1 ferh. míla eða 640 ekrur. Hverjum reit er aptur skipt í 4 hluti, eða heimilirjettar bújörð, sem hver er = 160 ekrur. Dæmi úr „Hagskýrslunum“: Nr. 121 í Argylenýl. hefir  $NA^{1/4}$  í 21. reit, þ. e. norðaustur fjórðung reitsins = 160 ekrur. — Nr. 122 í sömu nýl. hefir  $NA^{1/4}$  í 34. reit (5 hv.),  $NA^{1/4}$  í 21. reit,  $S^{1/2}$  í 23. reit, og  $A^{1/2}$  í 10. reit (6 hv.), þ. e. 2 fjórðunga og 2 helminga úr reitum =  $1^{1/2}$  reit = 960 ekrur.

við þetta atriði. — Annað atriðið er, að verði landeigna og húseigna sje slengt saman; þetta þykir flugr.höf. óþolandi ókostur, og er í standandi vandræðum með að geta greint þetta í sundur. En hann ætti að ráma í það, að hjer er ekki að ræða um virðingagerðir sem Landsbankanum í Reykjavík koma við. Þar gæti það verið nauðsynlegt, að greina glögglega sundur virðing á jörð og húsum. Hjer gjörist þess engin þörf, og skal jeg benda honum á, að ef hann reiknar út verð lands þess sem hver bóndi á og dregur það síðan frá verðupphæð landeignar og húsa, þá sýnir afgangurinn verð húseignanna (verð húsa, girðinga og annara umbóta, sem á löndum kunna að vera). Ekki er nú annar galdurinn við þetta atriði. Bara að kunna að draga frá. — Með þessari skýringu vona jeg að almenningur sjái, að það tvennt, sem höf. álitur að *með rjettu* verði fundið að forminu á skýrslunum, eru atriði, sem hvergi eiga sjer stað nema í hans eigin ímyndun.

Þar næst athugar flugr.höf. tölurnar í skýrslunum og þykist finna þar aragrúa af villum eða vitleysum. Það sem hann rekur fyrst augun í er það, að margir rækti meira land en þeir hafa plægt. Í Argyle-nýl. einni segir hann að menn sjeu látnir rækta 300 dagsláttur fram yfir plægða landeign. En á hinn bóginn þykir honum það eptirtektarvert, að tala plægðra ekra sje víða langtum hærrí en tala þeirra sem notaðar eru til jarðyrkju og garðyrkju. Til að sýna að þetta sje svo, tekur hann dæmi af nr. 122 í Argyle-nýl., sem hefir 110 ekrur plægðar, en ræktar að eins  $20\frac{1}{2}$  ekrur. Höf. spyr hvar hinar  $89\frac{1}{2}$  ekrur sjeu. Það er eins og honum sje með öllu ofvaxið að skilja, að menn geti ýmist lánað parta af sínum plægðu löndum, eða að þeir fái plægð lönd að láni, allt eftir því sem á stendur fyrir hverjum einstökum búanda í það og það skiftið. En það er einmitt tilfellið, að menn ýmist fá lánað eða lána plægð lönd eptir þörfum, eða menn hvíla lönd sín eða parta af þeim eptir því sem á stendur. Það er því mjög eðlilegt að það komi fyrir, að sumir sái í meira land en þeir eiga plægt, og þar af leiði að aðrir sá í minna en alla plægða landeign sína.

Vilji menn nú aðgæta skýrsluna frá Argyle-nýlendunni, þá sjest, að tala plægðra ekra er þar 8652, en ræktaðar ekrur aptur á móti eru 6822, svo að í staðinn fyrir að bændur sjeu, eins og höf. segir, taldir yrkja 300 dagsláttur fram yfir plægða landeign, þá yrkja þeir eptir skýrslunum 1830 ekrum *minna* en nemur plægðri landeigu þeirra.

Höf telur þar næst ýmsa menn í Nýja Íslandi, sem hafi svo og svo margar ekrur plægðar, en noti enga. Hjer má geta þess, að í Nýja-Íslandi er mikill hluti af plægðu landi undir túnarækt, og þótt jeg hafi ekki getið um það í skýrslunum, þá er engin ástæða að halda að menn hafi þar ekrur sínur „upp á stáss“, eins og höf. kemst að orði. Hjer á landi eru tón talin ræktað land og hefi eg fylgt sömu reglu í skýrslunum. Jeg get fullvissað hann um, að Ný-Íslendingar nota sitt yrkta land engu síður en menn í öðrum nýlendum.

Þá rekur höf. sig á Jóh. Hannesson (nr. 225) í Nýja-Íslandi og segir að skýrslurnar telji hans „núverandi eignir engar og engar eigur skuldlausar (!)“ Þetta er, eins og svo margt annað, ekkert annað enn ósannindi höf. Jeg hefi í skýrslunum samtengt með greip (parenthes) þá bræður Jóhannes og Hannes Hannessyni (nr. 225—226) í Nýja-Íslandi. Þeir eru kaupmenn á Gimli, og er summa eigna þeirra

talin saman og færð út í einni línu fyrir báða. Þetta vona jeg að hver geti sjeð, sem skýrslurnar les, þótt höf. látist ekki skilja það. Hann hneykslast á því, að Jón Friðfinnsson í Argyle nýl. (nr. 49) skuli eiga jarðyrkjutól, er nemi að verðupphæð 6850 krónum, þótt hann ekki eigi eða yrki neitt land. — Það er nú reyndar ekki venja að skýra frá því í hagfræðisskýrslum, hvers vegna menn eigi þessar eða hinar eignir, eða hvað þeir geri með þær. Að minnsta kosti er það ekki atriði, sem skýrslusemjanda ber að gera grein fyrir. En þó get jeg skýrt höf. frá því, að Jón þessi á eina þreskivjel, og er sú vjel metin þessa virði. Hann vinnur með henni á haustin og veturna við þreskingu á hveiti bænda þar í nýlendunni. Mjer er kunnugt, að hann hefur opt fengið um og yfir 150 kr. á dag í verkalaun fyrir vjel sína með tilheyrandi áhöldum. Jeg get þess að eins til að sýna almennungi, að Jón hefir ekki þessa vjel sína „bara upp á stáss“. — Næst verður Guðrún Jónsdóttir (Storm) (nr. 55) í Argyle nýl. fyrir höf. og segir hann að öll landeign hennar og húseign sje 1200 dollara virði eptir markaðsverði, en að eignir hennar sjeu reiknaðar á 2712 dollara. Hann vill fá að vita, hvaðan hún fái 1512 doll., sem hún sje talin að eiga fram yfir virðingarverð landeigna og húseigna. — Svárið finnst í „Landnemanum“ nr. 6 (febr. 1892). Þar er skýrt frá að Guðrún hafi fengið hveiti upp úr þeim 63 ekrum, sem eru plægðar á landi hennar, sem hún hafi selt fyrir 1512 dollara. Þetta hveiti átti hún í kornhlöðu sinni, þegar jeg tók skýrslu hjá henni í desember 1891. Jeg virti það til peninga eptir þáverandi markaðsverði og lagði verðupphæð þess, doll. 1512, saman við verðupphæð landeignar og húsa hjá henni og fjekk þannig út doll. 2712, sem skýrslan sýnir að hún eigi. — Í þessu sambandi vil jeg geta þess, og biðja lesendur að virða á betra veg, að mjer láðist að geta um það í athugasemdunum aptan við skýrslurnar, að þótt jeg hvorki teldi innanstokks búshluti eða peninga bænda með eignum þeirra, þá taldi jeg allstaðar þær korntegundir, og aðrar afurðir, sem menn áttu í hlöðum sínum, virti þær til peninga og taldi það með í dálkinum „eignir alls“ og því líka í dálki skuldlausra eigna. Af þessu getur stafað sú ónákvæmni, sem menn þykjast verða varir við í útreikningnum.

Næst finnur höf. menn í Þingvalla- og Red Deer nýlendum, sem eiga jarðyrkjutól en ekkert yrkt land, og ræður hann af því, að mennirnir sjeu ekki með rjettu ráði. En honum mun ekki hafa þótt nauðsynlegt, að benda almenningi á það, sem skýrslurnar sjálfar sýna, að þessir menn byrjuðu búskap 1891, einmitt sama sumarið sem skýrsla þeirra var tekin. Þessir menn höfðu því ekki haft mikinn tíma til að rækta lönd sín, þar sem þeir voru ekki búnir að vera nema fáar vikur á þeim, en þeir höfðu orðið að byggja sjer hús, fjós, hlöður o. s. frv., girða lönd sín o. fl. þ. h. Jeg efast ekki um, að jarðyrkjutól þeirra muni koma þeim að góðum notum með tímanum, eða svo fljótt sem þeir fá tíma og tækifæri til að brúka þau. — En um þá sem búa í Nýja Íslandi er það að segja, sem jeg líka tók fram í athugasemdum aptan við skýrslurnar, að þau áhöld öll, er þeir nota við fiskveiðar sínar, eða verðupphæð þeirra, er talin í dálki jarðyrkjutóla. Það er því ekkert undravert, þótt menn í þeirri nýlendu, sem stunda fiskveiðar, sýnist eiga allstórar upphæðir í verkfærum, þótt þeir yrki ekki hveiti eða aðra akra.

Á 4. bls. í flugritinu, undir tölulíð 6., er varið löngum kafla til að sýna fram

á, hve „tortryggilega mikill“ verðmunur sje á landeignum og húseignum bænda í Argyle nýl. Að vísu játar höf., að hann sje ekki fær um að sjá af skýrslunum hinn mikla mismun sem er á stærð landanna, en á hinn bóginn álitur hann það varði minnstu, þótt maður, ef til vill, hitti ekki á alveg rjettar tölur. Svo setur hann 10 menn í töflu til að sýna þennan mismun og tekur náttúrlega þar með, til þess að samanburðurinn geti orðið sem allra álitlegastur og svarað bezt tilgangi hans, einn af efnuðustu bændunum, hr. Sigurð Christopherson (nr. 122), sem á 960 ekrur af landi með ágætum byggingum og öðrum stórum umbótum, og á auk þess bæði lódir og hús í bæjunum Baldur og Melita í suðvestur-Manitoba. Þennan mann ber höf. saman við Jóhann Gottfred Jónasson (nr. 7), sem ekki átti svo mikið sem eina einustu ekru af landi, en bjó á skólalandi í 11. reit og átti þar hús sem var metið \$ 300, eins og skýrslurnar sýna. Hefði höf. haft nokkra hugmynd um skiptingu landsins og vitað hver lönd tilheyra skólum (sem á þeim tíma voru óseld í þeim parti fylkisins) og hver Hudsons-flóa fjelaginu, hefði honum að líkindum ekki komið til hugar að gera slíkan samanburð, enda gat hann vitað að Jóhann átti ekkert land, ef hann hefði lesið 4. tölulið í athugasemdunum aptan við skýrslur mínar, sem berlega tekur það fram, að búandi eigi ekkert land, þar sem minna enn \$ 400 sje talið í dálki landeigna og húseigna, þótt hann annars eigi húseignir og hafi bú. Annar eins samanburður og þessi hjá manni, sem vill láta telja sig ritfæran og reikningsfæran, er svo aulalegur, að ekki tekur tali, og sýnir annaðtveggja, að höf. álitur lesendur sína eintóma bjána eða að hann er það sjálfur. Að síðari tilgátan sje rjettari, ræð jeg af því, að hann álitur að virðing á löndum bænda sje að eins miðuð við ræktaðar ekrur, án tillits til hve stór hin óræktuðu lönd þeirra sjeu og það sem merkilegast er, að bóndinn sje talinn því meira virði sem hann á minna ræktað land. Höf. hefir auðsjáanlega ekki vit á að taka tillit til þess, sem þó allir aðrir hljóta að vita, að hús og aðrar umbætur á löndum bændanna eru mjög mismunandi að dýrleika. Hann segir sjálfur, að sú viðbára, að verðmunurinn liggi í misstöru óræktuðu landi, sje með öllu þýðingarlaus, því að óræktað land, hvar í heimi sem er, sje og verði einskis virði, meðan hver sem vill getur fengið það fyrir alls ekkert.

Til leiðbeiningar þeim sem ekki þekkja „landtökulögin“ skal þess getið, að allir reitir með jafnri tölu eru ætlaðir fyrir heimilisrjettarlönd að undanteknum reitunum 8 og 26, enn reitir með oddatölu eru seldir; þegar nú reitirnir með jöfnu tölunum eru uppteknir, þá eru menn, ef þeir vilja setjast að í sama byggðarlagi, neyddir til að kaupa oddatölureitina, þótt þeir sjeu lakari að landgæðum. Jeg get sannað með svörnum vottorðum, að seld hafa verið og auðgert er að selja lönd í byggðarlögum í Canada fyrir mikla peninga, jafnvel meðan hver sem vill getur fengið þar lönd fyrir ekkert. En þá er líka rjett að taka það fram, að þau hin sömu lönd sem seld eru, þau fást ekki fyrir ekkert. En við erum að ræða um Argyle nýlenduna. Þar hafa verið seld lönd fyrir 2 árum fyrir \$ 10 hver ekra óbrotin og óyrkt, og þó gátu menn á sama tíma fengið nóg lönd fyrir ekkert, enn vitanlega ekki innan takmarka þeirrar nýlendu. Sama er að segja um hina nýju Melita nýlendu, að þar voru seld lönd á s. l. ári fyrir \$ 5 ekran, samhliða við og engu betri en lönd þau sem Íslendingar tóku þar ókeypis á sama tíma. Það er því auðráðin



gáta, sem höf. grillir ekki í, að verð landanna er að miklu leyti — og jeg vil segja að mestu leyti — komið undir afstöðunni, að þeim sje vel í byggð komið, þau sjeu nærri járnbraut, markaði o. s. frv.

Þegar höf. hefir skapað sjer samanburð á hveitiekrum Sigurðar og Jóhanns, reynir hann aðra reikningsaðferð til þess að almenningur skuli sjá að hann sje þó vaxinn því að ræða þetta mál, og ber næst saman Sigurð og Gísla Torfason. En í þessu tilfelli ber hann saman — ekki hveitiekru þeirra, heldur *plægðar ekrur óræktaðar*, og enn ber hann saman Sigurð og Björn Borgfjörð og reynir þriðju aðferðina, ber þar saman *hveitiekru* Björns við *óyrktar ekrur* Sigurðar. Þetta er í fyrsta sinni, að jeg hefi sjeð þess dæmi, að nokkrum manni hafi komið til hugar, að virða lönd með því að byggja virðinguna á plægðum ekrum ónotuðum o. s. frv. Jeg get ekki neitað því að mjer finnst flugrit H. J. vera ærið fátækt af skynsamlegum hugmyndum. Og þessi hugmynd um virðingu á löndum eptir fjölda af plægðum ekrum ónotuðum er eitt af því bágasta í ritinu. En máské bankinn virði eigur manna eptir því hve margar krónur þeir eiga, sem þeir nota ekki? Og er þá ekki að undra, þótt hann taki ekki skuldlausar fasteignir bænda gildar sem veð.

Mismunurinn á land- og húseign Jóhanns Straumfjörðs (nr. 1 í Nýja-Ísl.) og Gunnsteins Eyjólfssonar (nr. 65) liggur mest í húseign, því Jóhann á stórt og vandað steinsteypuhús, sögunar- og mölunarmylnur, en Gunnsteinn á gamalt timburhús, og er þetta sú eina skýring, sem jeg álit nauðsynlegt að gefa um það mál, því í rauninni er ekki heimtandi af neinum, sem semur hagfræðisskýrslu, að hann viti eða muni svo árum skiptir út í yztu æsar um eignir og hag hvers einstaklings.

Þá fer höf. að athuga útreikninginn á skýrslunum, og verð jeg þá að biðja lesendur að muna eptir því, sem jeg tók fram hjer að framan, nefnilega, að þar sem bændur áttu hveiti eða aðrar korntegundir eða afurðir, virti jeg það eptir markaðsverði því sem þá gildi, og taldi svo verðupphæð vörunnar í dálki eignanna eins og áður er sagt. Þetta hefir óefað afvegaleitt flugritshöfundinn í útreikningum sínum.

1. dæmi höf. er nr. 1 í Argyle nýl., Eyjólfur Snædal. Hann á eptir höf. reikningi \$ 569.50 minna en skýrslurnar telja. En höf. gætir eða getur eigi þess, að Snædal átti hveiti úr 60 ekrum og hafra úr 20 ekrum. Hveitið eitt, 30 bush. af ekrunni, af 60 ekrum = 1800 bush. á 60 c. gerir \$ 1080; hafrar 20 ekrur, 45 bush. af ekrunni á 20 c. = \$ 180, eða alls = \$ 1260, sem gerir miklu meira en jafna þetta skakkafall, sem höf. talar um, og kemur það af því hjá þessum manni eins og sumum öðrum bændum í nýlendunum, að þeir biðu á því ári, er skýrslan var tekin, nokkurt tjón af sumarfrostum og hagljeljum; getur því uppskeran ýmist hafa orðið minni enn 30 bush. af ekrunni til jafnaðar hjá honum, eða að öðrum kosti selzt fyrir lægra verð enn hjer er greint, þó að meðaltalið í nýl., bæði að vöxtum og verði, væri þetta.

2. dæmi höf. er nr. 14 (Halldór G. Jónsson). Þar munar \$ 1716. Halldór átti hveiti úr 98 ekrum og hafra úr 20 ekrum. Geri maður nú 30 bush. af hverri hveitiekru á 60 c. hv. bush., þá verða það \$ 1764, sem meira en jafnar þann mismun, sem höf. talar um, án þess að reikna hafrana að nokkru. Þar að auki má geta þess að Halldór fjekk meira en 30 bush. af ekrunni það ár sem skýrslan var tekin, og seldi hveiti sitt fyrir 71 c. hvert bush. (sjá *Landnemann* nr. 6. Febrúar 1892).

Alveg sama er að segja um Benedikt Einarsson og Þorstein Jónsson, að hveiti þeirra og korntegundir gera meira enn jafna upp þann mismun, sem höf. talar um.

Jeg skal nú láta ósagt, af hverju mismunurinn stafar hjá Eiríki Bjarnasyni doll. 144 og Birni Þorleifssyni doll. 20, því jeg man ekki svo nákvæmlega um hagi þeirra. Að visu geta staðið doll. 90 í höfrum hjá Eiríki, en um það þori jeg ekkert að fullyrða. Hitt er víst, að bæði Eiríkur og Björn eiga meiri eignir en talið er í skýrslunum.

Gunnlaugur Sigurðsson (39. í Red Deer nýl.) segir höf. að eigi 610 doll. minna en skýrslurnar telji. Þetta er mjer að kenna. Gunnlaugur situr á ómældu landi, sem hefði átt að meta \$ 800, en sem jeg hefi ekki aðgætt að færa út í þann dálk, sem sýnir verð landeignar og húsa, sem þá hefði aukizt, sem því svarar.

Björg Jónsdóttir (nr. 216) er talin að eiga eina kú á \$ 50; kýrin hefir ekki verið virt meira enn \$ 30, en konan hefir sjálfsagt átt \$ 20 virði í vörum eða eigum, sem hvorki voru búshlutir eða peningar, en sem ekki gátu staðið í öðrum dálk en eigna dálkinum.

Höf. segir að jeg telji:

1. hjá nr. 7 í Vatnsdalsnýlendu: 1 kú, 1 uxa = 3 nautgripi. Hjer eiga að vera 2 uxar, eins og sjá má af samlagningunni neðan við skýrsluna frá þeirri nýlendu.
2. hjá nr. 25 í Álftavatnsnýlendu: 1 kýr = 2 nautgripir. Hjer á að vera: 1 kýr + 1 ungneyti = 2 nautgripir.
3. hjá nr. 36 í sömu nýlendu er talið: 3 kýr, 2 uxar, 2 ungneyti = 10. Þetta á að vera 3 kýr, 2 uxar, 5 ungneyti = 10.

Hin ofangreindu 3 dæmi, sem flugritshöf. og blöðunum hefir orðið svo mikill matur úr, eru prentvillur, enda má sjá af samlagningunni neðan við skýrslurnar að svo er. Alveg sama er að segja um akuryrkjutólin í Argyle nýlendu. Þau eru metin á 45,990 dollara, en það hefir misprentazt í efnahags yfirlitinu þannig að þar standa 45999 doll., eða 9 doll. meira en vera á. En í samlagningunni neðan við yfirlitið eru þau talin 45990 doll., sem er rjett. Jeg álit að þó rjett sje að benda á þessar skekkjur, sem að eins eru prentvillur, þá sje rangt að gera eins mikið veður út af því eins og flugritshöf. og blöðin hafa gert.

„Meira er í það varið“, segir höf., „að skuldlausar eigur í öllum nýl. til samans eru í yfirlitinu taldar 905,375 doll., en eiga að vera eptir sjálfu efnahags yfirlitinu doll. 860,095. Mismunurinn er 45,280 doll. eða kr. 169,800. Hjer væri nú skakkafall, sem vert væri um að tala, ef höf. færi með rjett mál, en hann lendir hjer í sömu villu, sem í hinum einstöku dæmum, að hann metur hveiti og aðrar korntegundir að engu. En þegar þess er gætt, að í öllum nýl. vóru undir hveiti 6,439 ekrur og 30 bush. af ekrinni á 60 c. bush. = \$ 115902, undir höfrum 1068 ekrur, 45 bush. af ekrinni á 20 c. bush. = \$ 9607, og undir byggi 170 ekrur, 40 bush. af ekrinum á 35 c. = \$ 2380 eða alls korntegundir \$ 127, 880, vona jeg að þessi upphæð geti jafnað þann halla, sem höfundinum sýnist vera á þessu, og er þá eptir \$ 82,600 eða kr. 308,950, sem svarar því sem dregið hefir verið frá fyrir:

*a*, kostnaði við uppskeruna, *b*, selda uppskeru, *c*, tjóni sem bændur hafa beðið á þessum árum af sumarfrostum og hagljeljum, og *d*, því sem uppskerumagnið og markaðsverð kann að hafa verið minna, vegna skemmdanna, en að framan er talið.

Síðasta atriðið í athugasemdum höf. er að jeg hafi talið tvisvar stofnfje manna, það er að segja, að jeg hafi ekki dregið það frá skuldlausum eignum, þegar jeg reiknaði út árlegan gróða bændanna. Þetta er ekki satt. Hefði jeg eins og hann segir deilt samanlögðum búskaparárum allra bændanna í skuldlausar eignir þeirra 905375 doll., þá hefði komið út sem meðalárlegur gróði hvers búanda 397 doll. 97 c., eða hartnær 100 kr. meira en jeg hefi gert það.

Höf. segir, að jeg hefði átt að deila samanlögðum búskaparárum í skuldlausar eignir að frádregnu stofnfje, sem er 840188 doll. Gjörum nú eins og hann segir, kemur þá út 269.31 doll., sem margfaldað með 3 kr. 75 au. gerir meðalárlegan gróða 1384.92 kr. sem er meira en jeg hefi talið. En taki maður að eins gullsigildi dollarsins og deili með 37,315 þá verður meðalárlegur gróði 1378.08. Meðaltalið af þessum upphæðum hefi jeg nú tekið, hvort sem það kann að álitast rjett eða rangt, og það meðaltal er eins og jeg hefi sagt í skýrslunum 1381.00 kr. rúmlega.

Þar er nú komið höfuðatriðið í skýrslunum, þessi hneykslunarhella, sem blöðin hafa sífellt steytt sig á í vetur, bara til að villa sjónir manna og leiða athygli almennings frá þeim mest varðandi sannleika sem í skýrslunum er fólgin, sem er meðal-árlegur gróði bændanna og þeirra skuldlausu eignir. Annars er aðalatriðið ekki um árlegan gróða, því það er í rauninni enginn partur af hagsskýrslunum, heldur að eins ályktun, sem á þeim er byggð. Mergurinn málsins er skuldlausar eignir hvers búanda, sem jeg hefi talið að vera 5273 kr. samkvæmt skýrslunum. Sá liður stendur óhrakinn sem annað.

Vitanlegt er að mikið af þessari upphæð er innifalið í löndum, því eins og tekið er fram í athugasemdum aptan við skýrslurnar, er land hvers búanda talið eign hans, þótt hann væri ekki búinn að vera á því lögákveðinn tíma — 3 ár — þegar skýrslurnar voru teknar. En það vita líka allir, sem þekkja landtökulögin í Canada, að maður öðlast svo traustan eignarrjett á því landi, sem hann tekur, óðara en hann tekur það, að jafnvel stjórnin getur ekki tekið það af honum svo lengi sem hann kærir sig um að sitja á því. Ekki er heldur hægt að taka það af honum upp í skuldir nema því að eins að hann veðsetji það. En veðsetningarrjettinn fær hann vanalega að eins með lögformlegu eignarbrjefi (Homestead Patent) frá stjórninni í Canada, þegar hann hefir fullnægt lögákveðinni þriggja ára ábúð, og vissum umbótum á landinu. Jeg hefi því skoðað það í fyllsta máta rjett, að reikna mönnum heimilizrjettar lönd þeirra sem eign, jafnskjótt sem þeir voru seztir að á þeim; jafnvel veðsetningarrjettinn geta landnemar stundum fengið undir eins og þeir setjast að á landi sínu. Þetta hafa margir fengið í Þingvalla nýl., þar á meðal þeir Klemens Jónasson og Böðvar Ólafsson. Þeir fengu hvor um 1500 kr. lán hjá járnbrautarfjelagi einu jafnskjótt sem þeir höfðu tekið lönd sín, og þetta sannar það, að löndin í þeirri nýlendu eru ekki alveg einskis virði eins og höf. vill gefa í skyn. Jeg veit ekki til að það tíðkist neinstaðar í heimi nema í Canada, að menn geti fengið mörg hundruð króna lán út á jarðir, sem eru óræktaðar, þótt þeir hafi tekið þær í því skyni, að vinna sjer eignarrjett á þeim. Þetta sannar tvent: það

fyrst, að eignarrjetturinn má kallast tryggur, þar sem landnema er leyft að veðsetja land sitt undir eins, og í öðru lagi það, að peningalánfjelög líta svo á, að löndin sjeu nokkurs virði og lána því peninga gegn þeim.

Viðvikjandi dæmum þeim sem blöðin hafa hent á lopti og flugritshöf. eptir þeim um einstaka menn í nýlendunum, sem lausar fregnir eða ónafngreindir brjefritarar að vestan segja að hafi flosnað upp eða komiðt í þröng síðan skýrslurnar voru teknar, skal jeg að eins svara því, sem öllum ætti reyndar að liggja í augum uppi, að skýrslurnar gilda að eins fyrir þann tíma sem þær eru teknar á og geta ekki borið með sjer þær breytingar sem síðan hafa orðið á efnahag bændanna. Hversu vel sem efnahagurinn stendur, getur það æfinlega komið fyrir, að einstakir menn biði hnekki, annaðhvort fyrir vanhyggni eða önnur atvik, og það á skemmri tíma en liður frá því skýrslurnar eru teknar til þess frjettirnar eru skrifaðar hingað til lands. En sem betur fer munu þessi dæmi ekki vera mörg. Enda er enginn efi á því að flestir bændur í nýlendunum hafa á sama tímabili aukið efni sín margfalt meira en hinir einstöku kunna að hafa tapað. — Þessi atriði koma því alls ekki skýrslunum við, og fer jeg því ekki fleirum orðum um þau.

Jeg þykist nú hafa svarað svo öllum atriðum í „Athugasemdum við Hagskýrslurnar“ að ekki sje þörf á ýtarlegri andsvörum að sinni. Jeg hefi hrakið greinilega hvert einasta atriði, sem höfundurinn finnur að, og sýnt fram á að öll þau mörgu dæmi af einstökum mönnum, — sem hann álitur tortryggileg eða beinlínis röng — eru yfir höfuð alveg rjett, svo kalla má að ekki sje eptir heil brú í öllum þessum kongulóarvef höfundarins. Fyrir þeim 2—3 atriðum, sem jeg játa að eru ónákvæm í Hagskýrslunum, hefi jeg gert svo góða grein, að það nægir hverjum skynsömum lesanda.

Þótt jeg játi að Hagskýrslurnar hefðu mátt vera nákvæmari í sumum atriðum, einkanlega ef þær hefðu verið stærri, held jeg þó að jeg megi fullyrða, að jafn nákvæmar hagskýrslur sömu tegundar muni varla hafa komið fram í nokkru landi, og þann vitnisburð hafa þær einnig fengið í Canada. Að skýrslunum verði almennt trúað hjer á landi ræð jeg af því, að hvar sem jeg hefi ferðast um Ísland í vetur hafa menn ýmist sagt mjer frá eða sýnt mjer brjef frá ættingjum eða vinum þeirra vestra, sem öll hafa ýmist staðfest skýrslurnar eða talið efnahaginn betri enn þær gera, og kemur það ofureðlilega til af því, að sum brjefin eru rituð eptir þann tíma sem skýrslurnar voru teknar og sýna því aukinn efnahag brjefritenda. Þótt einstöku menn kunni að finnast sem vefengja skýrslurnar, munu þó flestir verða til þess að trúa brjefum ættingja og vina að vestan, enda skildist mjer af viðtali við menn út um land, að almenningur væri ekki í neinum efa um, í hvaða tilgangi flugrit þetta hefði verið samið og útbýtt með „Ísafold“ og „Þjóðólfi“.

Höfundinum er því óhætt að yrkja upp á nýjan stofn, semja annað flugrit, því „betur má ef duga skal“.